



**Um frumvarp til breytinga á lögum  
um ársreikninga nr. 3/2006**

*Hvert er viðhorf löggiltra endurskoðenda  
til breytinganna?*

Ingveldur Anna Sigurgeirsdóttir

B.Sc. í viðskiptafræði

**Um frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Hvert er viðhorf löggiltra endurskoðenda til breytinganna?**

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar  
© Ingveldur Anna Sigurgeirsdóttir

Prentun: Nón

Reykjavík, 2016

## Yfirlýsing um heilindi í rannsóknarvinnu

Verkefni þetta hefur hingað til ekki verið lagt inn til samþykkis til prófgráðu, hvorki héraðs né erlendis. Verkefnið er afrakstur rannsókna undirritaðs / undirritaðrar, nema þar sem annað kemur fram og þar vísað til skv. heimildaskráningarstaðli með stöðluðum tilvísunum og heimildaskrá.

Með undirskrift minni staðfesti ég og samþykki að ég hef lesið siðareglur og reglur Háskólans í Reykjavík um verkefnavinnu og skil þær afleiðingar sem brot þessara reglna hafa í för með sér hvað varðar verkefni þetta.

---

Dagsetning

Kennitala

Undirskrift

## Ágrip

Rannsókn þessi er gerð til þess að varpa ljósi á helstu ákvæði sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 kveður á um. Frumvarpið var lagt fyrir á 145. löggjafarþingi í kjölfar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/34/ESB.

Þegar rannsóknin er gerð hefur frumvarpið einungis náð 1. umræðustigi á Alþingi og er það því fremur skammt á veg komið. Ýmsir hagaðilar atvinnulífsins hafa þó fengið að koma athugasemdum á framfæri til þess að varpa ljósi á það sem betur má fara í frumvarpinu. Með sanni má segja að ýmis ákvæði frumvarpsins hafi sætt mikilli gagnrýni og sýnir rannsókn þessi fram á afstöðu og viðhorf endurskoðenda gagnvart þeim. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna jafnframt fram á forsendur fyrir breytingum á lögnum sem koma að mestu leyti frá fyrrgreindri tilskipun. Endurskoðendur taka almennt skýra afstöðu til ákvæða frumvarpsins þótt skoðanir þeirra séu skiptar. Helst ber að nefna ógreinileg ákvæði um skyldu svokallaðra örfélaga til skila ársreikninga annars vegar og gerðar ársreikninga hins vegar. Áhugavert var að sjá að þrátt fyrir allar ábendingar, sem borist hafa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá haghöfum í tengslum við drög frumvarpsins, benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að endurskoðendur séu ekki endilega sammála athugasemdunum. Þetta má sjá á því að oft og tíðum eru jafnmargir endurskoðendur fylgjandi ýmsum ákvæðum frumvarpsins eins og þeir sem andvígir eru þeim. Til gamans var einnig athugað hvort mun væri að finna á afstöðu kynjanna vegna einstaka breytinga og oftar en ekki má sjá að nokkur munur er þar á.

## **Formáli**

Rannsóknarverkefni þetta er lokaverkefni til B.Sc. gráðu við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík og er vægi þess 12 ECTS. Rannsóknin var unnin á tímabilinu desember 2015 til maí 2016.

## **Sérstakar þakkir**

Höfundur verkefnisins vill þakka leiðbeinanda verkefnisins, Unnari Friðriki Pálssyni, bæði fyrir sérstaklega dyggan stuðning og góða leiðsögn í gegnum verkefnið en einnig fyrir boð á ráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda þar sem umfjöllunarefni rannsóknarinnar var sérstaklega tekið fyrir. Einnig vill höfundur koma á framfæri sérstökum þökkum til foreldra sinna, Helgu Þorbergsdóttur og Sigurgeirs Mús Jenssonar, fyrir ómetanlegan stuðning og hjálpssemi í námi og starfi. Jafnframt vill höfundur koma á framfæri þökkum til Þorgilsar Hlyns Þorbergssonar fyrir prófarkalestur verkefnisins.

Reykjavík, maí 2016

---

Ingveldur Anna Sigurgeirsdóttir

## Efnisyfirlit

Myndayfirlit.....	viii
Töfluyfirlit .....	viii
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2 Lög um ársreikninga nr. 3/2006 .....</b>	<b>2</b>
<b>3 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og reglur reikningsskilaráðs .....</b>	<b>2</b>
<b>4 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/34/ESB .....</b>	<b>4</b>
<b>5 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006.....</b>	<b>5</b>
<b>6 Almenn ákvæði laga um ársreikninga og breytingar .....</b>	<b>5</b>
<b>6.1 Gildissvið.....</b>	<b>5</b>
<b>6.1.1 Hvað breytist?.....</b>	<b>6</b>
<b>6.1.2 Ábendingar í innsendum erindum .....</b>	<b>7</b>
<b>6.1.3 Niðurstöður rannsóknar .....</b>	<b>8</b>
<b>6.2 Skilgreiningar .....</b>	<b>8</b>
<b>7 Grunnforsendur ársreiknings.....</b>	<b>9</b>
<b>8 Einstakir liðir ársreiknings og breytingar .....</b>	<b>9</b>
<b>8.1 Efnahagsreikningur .....</b>	<b>9</b>
<b>8.1.1 Óefnislegar eignir .....</b>	<b>10</b>
<b>8.1.2 Hvað breytist?.....</b>	<b>11</b>
<b>8.1.3 Ábendingar í innsendum erindum .....</b>	<b>12</b>
<b>8.2 Rekstrarreikningur .....</b>	<b>12</b>
<b>8.2.1 Hvað breytist?.....</b>	<b>12</b>
<b>8.3 Sjóðstreymi .....</b>	<b>13</b>
<b>8.3.1 Hvað breytist?.....</b>	<b>13</b>
<b>8.3.2 Niðurstöður rannsóknar .....</b>	<b>13</b>
<b>8.4 Hverjar eru breytingarnar á innihaldi ársreikninga?.....</b>	<b>14</b>
<b>8.4.1 Ábendingar í innsendum erindum .....</b>	<b>16</b>
<b>8.4.2 Niðurstöður rannsóknar .....</b>	<b>17</b>
<b>8.5 Skýringar .....</b>	<b>18</b>
<b>8.5.1 Hvað breytist?.....</b>	<b>18</b>
<b>8.6 Skýrsla stjórnar.....</b>	<b>19</b>
<b>8.6.1 Hvað breytist?.....</b>	<b>20</b>

<b>9</b>	<b>Matsreglur</b> .....	21
	<b>9.1 Viðskiptavild og afskrift viðskiptavildar</b> .....	21
	<b>9.1.1 Hvað breytist?</b> .....	21
	<b>9.1.2 Ábendingar í innsendum erindum</b> .....	22
	<b>9.1.3 Niðurstöður rannsóknar</b> .....	23
	<b>9.2 Auknar heimildir til mats fjármálagerninga á gangvirði</b> .....	23
	<b>9.2.1 Hvað breytist?</b> .....	24
<b>10</b>	<b>Endurskoðun, yfirferð og birting ársreikninga</b> .....	25
	<b>10.1 Hvað breytist?</b> .....	25
	<b>10.2 Ábendingar í innsendum erindum</b> .....	26
	<b>10.3 Niðurstöður rannsóknar</b> .....	26
<b>11</b>	<b>Aukin viðurlög og málsmeðferðir</b> .....	28
	<b>11.1 Stjórnvaldssektir eða fangelsi</b> .....	28
	<b>11.2 Ábendingar í innsendum erindum</b> .....	29
	<b>11.3 Aðgerð gegn kennitölufлакki?</b> .....	30
	<b>11.4 Niðurstöður rannsóknar</b> .....	31
<b>12</b>	<b>Rannsókn</b> .....	32
	<b>12.1 Rannsóknaraðferð</b> .....	32
	<b>12.2 Þátttakendur</b> .....	33
	<b>12.3 Mælitæki</b> .....	34
	<b>12.4 Framkvæmd</b> .....	34
	<b>12.5 Niðurstöður</b> .....	34
<b>13</b>	<b>Umræða</b> .....	38
	<b>13.1 Takmarkanir rannsóknar</b> .....	39
	<b>13.2 Frekari rannsóknir</b> .....	40
<b>14</b>	<b>Heimildaskrá</b> .....	41
	<b>Viðauki A</b> .....	45
	<b>Viðauki B</b> .....	49

## Myndayfirlit

Mynd 1. Viðhorf til endurvakningar reikningsskilaráðs.....	4
Mynd 2. Viðhorf til stærðarmarka frumvarps vegna örfélaga .....	8
Mynd 3. Viðhorf til undanþágu vegna sjóðstreymisyfirlits .....	14
Mynd 4. Viðhorf til nýtingar skattframtals sem fullgilds ársreiknings.....	17
Mynd 5. Viðhorf endurskoðenda til undanþágu örfélaga til gerðar ársreiknings .....	18
Mynd 6. Viðhorf til fastrar afskriftar viðskiptavildar .....	23
Mynd 7. Viðhorf til skoðunarmanna.....	26
Mynd 8. Viðhorf til óbreyttra endurskoðunarmarka.....	27
Mynd 9. Úrskurðir yfirskattanefndar vegna vanrækslu á skilum ársreikninga til opinberrar birtingar.....	30
Mynd 10. Hlutfallsleg dreifing þátttakenda eftir aldri .....	33
Mynd 11. Hversu vel þekkja endurskoðendur frumvarpið? .....	35
Mynd 12. Viðhorf til gildistíma lagabreytinganna .....	36

## Töfluyfirlit

Tafla 1 Samanburður á stærðarviðmiðum örfélaga í tilskipun ESB og frumvarpi .....	6
Tafla 2 Breytingar á innihaldi liða ársreikninga skv. frumvarpi.....	15
Tafla 3 Viðhorf endurskoðenda til sektarákvæða og ákvæða um gjaldþrotaskipti.....	32
Tafla 4 Meðaltöl mismunandi afstaða karla og kvenna á ákvæðum frumvarpsins.....	37



## 1 Inngangur

Í kjölfar þess að Ísland varð aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) þann 1. janúar árið 1994, var í raun gert ráð fyrir því að löggjöf um endurskoðun og bókhald myndi taka breytingum í samræmi við þær reglur og lög er gilda innan Evrópusambandsins (ESB) (*Lög um ársreikninga* nr. 144/1994). Með aðildinni var ekki einungis gert ráð fyrir breytingum á löggjöf endurskoðunar heldur eru í raun 80% þeirra reglugerða og laga sem í gildi eru hér á landi komin frá samningi EES (Thorhallson, 2002). Þá gengu í gildi lög um ársreikninga þann 1. janúar 1995 í kjölfar samnings EES og reglugerða ESB. Frá árinu 1995 hafa lögini tekið allmörgum breytingum, síðast nú í janúar á þessu ári (*Lög um ársreikninga* nr. 3/2006).

Í júní árið 2008 gáfu Evrópuþingið og Evrópuráðið út orðsendingu út frá áætlun sambandsins er kallast „hugsíð smátt í fyrstu“ (e. think small first) þar sem gerð var grein fyrir því að bæði lítil og meðalstór fyrirtæki gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í atvinnulífinu. Orðsendingin er hluti af hvatningu til þess að draga úr reglubyrði, upplýsingaskyldu og skriffinnsku lítilla og meðalstórra fyrirtækja og bæta þar með löggjöf og regluramma í kringum starfsemi þeirra og auka framleiðni (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/34/ESB [Tilskipun ESB]).

Í kjölfar tilskipunarinnar, snemma árs 2014, fór mikil vinna í gang í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna gerðar frumvarps er varðaði breytingar á lögum um ársreikninga. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið setti á laggirnar vinnuhóp sem samanstóð af einstaklingum úr Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE), fulltrúum frá ráðuneytinu sjálfu, ársreikningaskrá og fjármálaeftirlitinu (Félag löggiltra endurskoðenda [FLE], 2016). Síðar bættust fulltrúar frá Félagi bókhaldsstofa í hópinn (Þingskjal 730, 2015-2016, athugasemdir við lagafrumvarpið, kafla IV). Þegar vinnuhópurinn var kominn vel á veg með verkefni sitt voru drög að frumvarpinu birt á heimasíðu ráðuneytisins á haustmánuðum ársins 2015 og í framhaldinu var haldinn opinn haghafafundur þar sem drögin voru kynnt. Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi í janúar 2016 á 145. löggjafarþingi, með síðari breytingum vegna umsagna ýmissa aðila við drögin. Frumvarpið inniheldur nokkur lykilatriði er varða breytt starfsumhverfi félaga sem og endurskoðenda. Í rannsókn þessari verða þau tekin fyrir og eru atriðin eftirfarandi:

- Ný skilgreining stærðarviðmiða og tilkoma örfélaga
- Fjölgun skilgreininga
- Nýting skattframtals til samningu ársreiknings með hjálp „hnappsins“

- Aukin samfélagsleg ábyrgð félaga
- Breytingar á afskriftum viðskiptavildar
- Valfrjáls heimild til eign- eða gjaldfærslu óefnislegra eigna
- Aukin heimild til þess að meta fjármálagerninga á gangvirði
- Aukin viðurlög vegna vanrækslu á skilum á ársreikningi

Með þessi lykilatriði í huga verður leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu:

*Hverjar eru forsendurnar fyrir lykilbreytingunum í frumvarpi á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og hvert er viðhorf löggiltra endurskoðenda til einstakra breytinga?*

Farið verður skipulega yfir samanburð á tilskipuninni, lögnum og frumvarpinu. Einnig verða umsagnir er bárust atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu teknar til umfjöllunar og að lokum verða niðurstöður rannsóknar kynntar.

## **2 Lög um ársreikninga nr. 3/2006**

Eins og áður kom fram komu lög um ársreikninga fyrst fram á sjónarsviðið á Íslandi árið 1995 og hafa tekið mörgum breytingum síðan þá, bæði vegna tilskipana ESB sem og annarra ástæðna. Lög þessi eru sett upp á svipaðan hátt og önnur íslensk lög, þ.e. fyrst eru almenn ákvæði og gildissvið laganna tekin fyrir og almennar skilgreiningar er gilda um starfsemi félaga. Síðan eru tekin fyrir grunnforsendur ársreiknings, þ.e. hvaða félög skulu semja ársreikning og ennfremur hvað ársreikningur skuli innihalda. Tekið er sérstaklega fyrir hvað skuli koma fram í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi sem og sjóðstreymi er fylgja ávallt ársreikningum í dag. Í ársreikningi skulu einnig ávallt fylgja skýringar á sérstökum liðum sem og skýrsla stjórnar. Lögin kveða jafnframt á um hvaða matsreglur eru í gildi við reikningsskilin t.d. þegar meta á birgðir, sem meta á því verði sem lægst reynist, hvort sem það er kostnaðarverð eða dagverð. Að lokum taka lögin mið af því hvaða félögum er skylt að kjósa sér endurskoðanda og hvaða félögum er það ekki skylt og hvaða viðurlög og málsmeðferðir gilda ef brotið er gegn lögnum (*Lög um ársreikninga*).

Ætla má þó að einhverjir vankantar séu á lögnum bæði vegna ýmissa breytinga er gera þarf sem og vegna þess að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögnum vegna áðurnefndrar tilskipunar.

## **3 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og reglur reikningsskilaráðs**

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sem upphaflega kölluðust IAS á ensku eru 28 talsins en síðar nefndust þeir IFRS á ensku og eru 16 talsins. Allir nýir staðlar eru kenndir við IFRS í dag þó

gömlu IAS staðlarnir haldi sínum hlut (Deloitte, 2015). Ákveðin íslensk fyrirtæki eru skyldug til þess að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings og samstæðureiknings, ef við á, en öðrum fyrirtækjum er heimilt að fylgja stöðlunum en ekki skyldug, séu þau yfir tilteknum viðmiðunarmörkum. Þau fyrirtæki sem skyldug eru til þess að beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum eru tryggingafélög og félög sem hafa verðbréf skráð á verðbréfamarkaði innan EES. Þau félög er hafa heimild til þess að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eru því félög sem hafa engin skráð verðbréf á verðbréfamarkaði, t.d. hlutafélög og einkahlutafélög, séu þau yfir tilgreindum viðmiðunarmörkum (*Lög um ársreikninga*, 92. gr.).

Í gildandi lögum er stundum vísað til þess að öll félög, ekki bara þau sem skyldug eru til að fylgja alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum, skuli fylgja ákvæðum í samræmi við settar reikningsskilareglur, sem eru alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og reglur reikningsskilaráðs. (*Lög um ársreikninga*). Félög geta þá einnig vænst þess að leita til settra reikningsskilareglna þegar leiðbeiningar skortir í gildandi lögum. Í frumvarpinu til breytingar á lögum um ársreikninga er kveðið á um aukna heimild félaga til þess að fylgja alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum þar sem ekki þarf að uppfylla þau skilyrði að vera yfir tilteknum viðmiðunarmörkum, þ.e.a.s., **öllum** félögum verður heimilt að beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (Þingskjal 730, 2015-2016, 55. gr.).

Reikningsskilaráð skal skipað á fjögurra ára fresti, skv. 118. gr. gildandi Laga um ársreikninga og skulu þar sitja fimm sérfróðir menn um reikningsskil. Nefndarmennirnir koma víðsvegar að úr atvinnulífinu, einn skal vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskóla, annar skal vera tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, síðan kemur einn frá Viðskiptaráði Íslands, einnig þarf ríkisendurskoðandi að vera til staðar og síðast er einn valkvæður nefndarmaður skipaður (*Lög um ársreikninga*, 118. gr.). Tilgangurinn með starfsemi reikningsskilaráðs er að stuðla að mótun reikningsskilareglna og einnig að gefa ráð og álit um það hvað teljist til settra reikningsskilareglna hverju sinni (*Lög um ársreikninga*, 119. gr.).

Reikningsskilaráð hefur þó ekki verið virkt eða starfandi í mörg ár og þrátt fyrir að aðgangurinn að reglunum sé opinn hefur reynst erfitt að fá aðgang þeim (Pétur Steinn Guðmundsson og Þorsteinn Guðjónsson, 2016). Lögð var fram spurning í rannsókninni um skoðun endurskoðenda á því hvort þörf sé að endurvekja reikningsskilaráð eða ekki.

Niðurstöðurnar voru þær, eins og sjá má á mynd 1 hér að aftan, að tæplega helmingur endurskoðenda sem tóku þátt í rannsókninni töldu að þörf væri á því að endurvekja reikningsskilaráð. Tæplega þriðjungur taldi ekki þörf á því og rúmlega fimmtungur hafði ekki skoðun á því.



Mynd 1. Viðhorf til endurvakningar reikningsskilaráðs

Ljóst er því að mati þátttakenda er þörf á því að virkja reikningsskilaráð að nýju eftir áralangan dvala og að mati höfundar væri í raun tilvalið að nýta tækifærið og skipa reikningsskilaráð á svipuðum tíma og frumvarpið verður að lögum.

#### 4 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/34/ESB

Meginumfjöllunarefni Tilskipunar ESB er hversu mikilvægu og jafnvel vanmetnu hlutverki smærri félög gegna í samfélaginu og oft á tíðum eru reikningsskil og vinnan í kringum þau þungur baggi að bera fyrir þessi tilteknu félög. Því voru lagðar fram tillögur að breytingum er varða einfaldanir á reglugerðum og undanþágur tiltekinn hluta reikningsskilaráðanna vegna smærri fyrirtækja landsins. Í tilskipuninni kemur einnig fram að mikilvægt er að samræma lög aðildarríkja ESB vegna framsetningar og innihalds ársreikninga og öllu sem ársreikningi fylgir. Tekið er fram að gerð ætti að vera krafa um eina uppsetningu rekstrarreiknings sem öll félög ættu að fylgja, að undanskildum örfélögum sem fengju þá að skila inn einfaldari ársreikningi sem fjallað verður nánar um síðar í rannsókninni (Tilskipun ESB).

Tilskipunin kveður jafnframt á um ákveðna breytingu á flokkun félaga og samstæðna þeirra sem tengist nýja hugtakinu um örfélög og mun væntanlega hafa mikil áhrif á og einfalda starfsemi slíkra félaga. Ennfremur kveður tilskipunin á um afskrift viðskiptavildar, auknar heimildir til þess að meta fjármálagerninga á gangvirði og aukin viðurlög og sektir vegna

vanrækslu fyrirtækja að skila inn ársreikningi (Tilskipun ESB). Stærri félög eru jafnframt krafín um aukna upplýsingaskyldu vegna samfélagslegrar ábyrgðar þeirra, til dæmis um varnir gegn mútum (Þingskjal 730, 2015-2016, um 42. gr.). Um hvern og einn þátt verður fjallað sérstaklega síðar í ritgerð þessari. Með innleiðingu þessarar tilskipunar munu falla úr gildi tvær eldri tilskipanir frá Evrópuþinginu og ráðinu nr. 78/660/EBE og 83/349/EBE. Úrfelling þessara tveggja eldri tilskipana felst í raun í einföldun þeirra á ársreikninga hjá félögum og samstæðum þeirra af tiltekinni stærð (Tilskipun ESB).

## **5 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006**

Í kjölfar tilskipunar ESB fór eins og áður kom fram mikil vinna fram í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu við gerð að frumvarpi til breytinga á gildandi ársreikningalögum. Í septembermánuði 2015 fór fram opin haghafafundur þar sem drög að frumvarpinu voru kynnt. Haghafar fengu þar tækifæri að koma ábendingum og spurningum á framfæri (FLE, 2016).

Unnið var úr þeim ábendingum sem þá bárust og var frumvarpið formlega lagt fyrir Alþingi í byrjun árs 2016 og fór 1. umræða fram þann 21. janúar síðastliðinn, þar sem Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, mælti fyrir frumvarpinu. Í kjölfarið bárust ráðuneytinu 15 umsagnir og erindi um frumvarpið frá hinum ýmsu hagaðilum viðskiptalífsins. Ráðuneytið tók umsagnirnar til efnislegrar meðferðar og lýsti viðbrögðum sínum í minnisblaði sem birtist á vef Alþingis þann 8. apríl síðastliðinn. Fjallað verður annars vegar um umsagnir sem bárust og hins vegar um viðbrögð ráðuneytisins við umsögnunum skipulega eftir kaflaskiptingu í rannsókn þessari.

## **6 Almenn ákvæði laga um ársreikninga og breytingar**

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um gildissvið laganna og mikilvægar breytingar er gerðar verða á kaflanum vegna tilskipunar ESB. Einnig verður fjallað um skilgreiningar sem finna má í gildandi lögum og fyrirhugaðar breytingar á þeim.

### **6.1 Gildissvið**

Í núgildandi lögum um ársreikninga má sjá að gildissvið laganna nær utan um félög með takmarkaðri ábyrgð svo sem hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, samvinnufélög o.fl. og félög með ótakmarkaðri ábyrgð, svo sem samlagsfélög, ef félögin fara fram úr eftirfarandi tveimur af þremur fyrirfram ákveðnum stærðarviðmiðum tvö síðustu reikningsár:

- „Eignir nema 300.000.000 kr.,

- Rekstrartekjur nema 600.000.000 kr.,
- Fjöldi ársverka á reikningsári eru 50“ (*Lög um ársreikninga*, 1. gr.).

### 6.1.1 Hvað breytist?

Í Tilskipun ESB er ákveðið að breyting verði á stærðarviðmiðum félaga og einnig að flokkun félaga verði með breyttu sniði, í takt við ábendinguna um að hugsa smátt í fyrstu til þess að vernda smæstu félögin. Breytingarnar eiga einnig við um samstæður viðeigandi félaga. Í tillögunni felst að flokka nú félög eftir fjórum stærðum, þ.e., örfélög, lítil félög, meðalstór félög og stór félög. Í frumvarpinu má sjá að ákvörðun tilskipunarinnar er fylgt eftir, enda skylda að innleiða stærðarviðmiðin og er einungis heimilt að hnika fjárhæðum sem settar eru fram í tilskipuninni til um 5%. Á Íslandi verða viðmiðin aðlöguð íslenskum gjaldmiðli sem miðast við viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í júlí 2013 (Þingskjal 730, 2015-2016, um 2. gr.).

Sömu stærðarviðmið eru notuð í frumvarpinu og tilskipuninni vegna lítilla félaga, meðalstórra félaga og stórra félaga, eins og sjá má í 3. gr. frumvarpsins og 2. gr. tilskipunarinnar en hægt er að sjá í töflu 1 hér að aftan að nokkur munur er á stærðarviðmiðum örfélaga (Tilskipun ESB; Þingskjal 730, 2015-2016, 2. gr.).

Tafla 1

*Samanburður á stærðarviðmiðum örfélaga í tilskipun ESB og frumvarpi*

<u>Niðurstöður tilskipunar</u>	<u>Niðurstöður frumvarps</u>
<b>Félag skal skilgreint sem örfélag fari það ekki fram úr tveimur af þremur stærðarviðmiðum:</b>	<b>Félag skal skilgreint sem örfélag fari það ekki fram úr tveimur af þremur stærðarviðmiðum:</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>- <b>Niðurstöðutala efnahagsreiknings:</b> 50.000.000 kr.,</li> <li>- <b>Hrein velta:</b> 100.000.000 kr.,</li> <li>- <b>Meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu:</b> 10</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- <b>Niðurstöðutala efnahagsreiknings:</b> 20.000.000 kr.,</li> <li>- <b>Hrein velta:</b> 40.000.000 kr.,</li> <li>- <b>Meðalfjöldi ársverka á fjárhagsárinu:</b> 3</li> </ul>

Þegar borin eru saman nógildandi lög um ársreikninga og frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga má sjá allmargar breytingar, auk stærðarviðmiðanna. Annars vegar breytast skilgreiningar á þeim hugtökum sem miða skal stærð á félögum við. Notast verður við niðurstöðutölu efnahagsreiknings en ekki eignir (sem í raun telst það sama), hreina veltu en ekki rekstrartekjur en áfram verður hins vegar notast við fjölda ársverka en ekki starfsmannafjölda. Skilgreiningin á ársverki skv. frumvarpinu er samt sem áður jafngildi vinnuframlags eins starfsmanns í eitt ár, svo aðeins er um formsatriði að ræða. Hins vegar eru

smæstu félögin, örfélög og lítil félög, undanskilin ákveðnum skyldum og viðskiptaumhverfi þeirra bætt með breytingunum á stærðarviðmiðum (Tilskipun ESB).

Skylda er skv. tilskipuninni að fara eftir stærðarviðmiðum sem þar eru sett um lítil félög, meðalstór félög og stór félög en valkvætt er að ákvarða örfélög. Tekin var sú ákvörðun að nota þá flokkun hérlendis enda munu breytingarnar verða hagstæðar fyrir um 80% félaga er falla munu undir hugtakið örfélag, fari frumvarpið til samþykkis laga í þeirri mynd sem það nú er (Þingskjal 730, 2015-2016, um 2. gr.). Þegar tekin var ákvörðun um að skilgreina örfélög hér á landi hefur þó ekki þótt nauðsynlegt að fara eftir viðmiðum tilskipunarinnar því samkvæmt töflu 1 er að finna lægri viðmið örfélaga í frumvarpinu samanborið við tilskipunina. Nánar verður fjallað um áhrif þess að undanskilja þessi ákveðnu félög skyldum í kafla 8.4 þessarar rannsóknar.


### ***6.1.2 Ábendingar í innsendum erindum***

Fjölmargar ábendingar og umsagnir bárust atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna nýtilkominna stærðarviðmiða. Flestar ábendingarnar eru þess efnis að óánægja er meðal flestra að miðað er við lægri stærðarmörk örfélaga í frumvarpinu heldur en tilskipuninni. Frá Samtökum atvinnulífsins kom ábending um að rökin fyrir þessum verulegu þrengingum séu ekki nægileg og ættu viðmiðin að vera þau sömu í frumvarpinu og tilskipuninni, líkt og þau eru við öll hin stærðarviðmiðin. Ennfremur kemur fram í frumvarpinu að um 90% fyrirtækja myndu tilheyra örfélögum ef farið væri eftir tilskipuninni en ekki 80%, eins og frumvarpið segir til um. Í raun brýtur viðmið frumvarpsins í bága við hugsunina á bak við tilskipunina um að hugsa smátt í fyrstu og einfalda viðskiptaumhverfi fyrir smæstu félögin. Þar af leiðandi ættu sem flest félög að njóta þessara breytinga og víkka ætti viðmið frumvarpsins í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar (Pétur Reimarsson, 2016). Frá Félagi atvinnurekenda kom jafnframt sú ábending að mikilvægt sé að samræma regluverk og löggjöf á EES-svæðinu. Með það í huga eru meiri kröfur gerðar til örfélaga á Íslandi ef borið er saman við sambærileg félög annarra landa og örfélög í öðrum löndum gætu flokkast sem lítil félög hérlendis og þyrftu því að veita meiri upplýsingar um rekstur hér á landi heldur en í starfsemi þeirra erlendis (Inga Skarphéðinsdóttir, 2016). Í svari sem barst frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er lagt til að halda þessu ákvæði frumvarpsins óbreyttu og miða áfram við að 80% félaga á Íslandi muni teljast örfélög. Rökin fyrir því eru meðal annars byggð á þeirri staðreynd að í breytingunni á stærðarviðmiðum félaga felst mikil einföldun á ársreikningagerð örfélaga og mjög takmarkaðar upplýsingar koma þar fram. Ráðuneytið telur því best að sjá hvernig bæði ákvæðið

muni reynast í viðskiptalífinu og framkvæmd eftirlits muni fara fram (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016).

### 6.1.3 Niðurstöður rannsóknar

Viðhorf endurskoðenda til þeirra stærðarmarkna vegna örfélaga sem notuð eru í frumvarpinu voru athuguð í rannsókninni, eins og sjá má í viðauka A, þegar leitað er eftir spurningu nr. 6. Niðurstöðurnar, sem sjá má á mynd 2 hér að aftan, benda til þess að stór hluti þátttakenda er sáttur við þau viðmiðunarmörk sem miðað er við í frumvarpinu samanborið við viðmiðunarmörk tilskipunarinnar, eða um 37%. Þó er tæplega þriðjungur þátttakenda á þeirri skoðun að miða ætti við lægri mörk en gert er í frumvarpinu og um fimmtingur er á þeirri skoðun að miða ætti við hærri mörk en miðað er við í frumvarpinu. Þá eru 16% sem hafa ekki skoðun á því hvaða mörk séu notuð. Það kom höfundu nokkuð á óvart hve hátt hlutfall þátttakenda var sammála þeim mörkum sem notað er í frumvarpinu miðað við tilskipunina, þar sem ábendingarnar sem bárust ráðuneytinu hljómuðu eingöngu á þann veg að samræma þyrfti viðmiðunarmörk örfélaga í frumvarpinu við tilskipunina.



Mynd 2. Viðhorf til stærðarmarkna frumvarps vegna örfélaga

## 6.2 Skilgreiningar

Í 2. gr. gildandi Laga um ársreikninga er að finna hugtakalista sem inniheldur 14 skilgreiningar á hinum ýmsu hagnýtu hugtökum er varða reikningskil. Í tilskipun ESB er þó að finna örlítið stærri og öðruvísi hugtakalista sem lagt er til að verði innleiddur í lögina. Sem dæmi má nefna viðbætur á hugtökunum „hrein velta“ í samræmi við breytingu á áðurnefndum stærðarviðmiðum og reikningshaldslegu „mikilvægi“ sem mikilvægt er að bæði stjórnendur



félaga og upplýstir notendur reikningsskila þekki og er liður í því að auka þekkingu þeirra á reikningsskilunum og vinnunni er tengist þeim (FLE, 2016). Í 2. gr. frumvarpsins er þó að finna umtalsverða aukningu á skilgreiningum hugtaka og lagt er til að þau verði 44 talsins. Með þessari breytingu er þó búið að setja allar skilgreiningar er finna má á ýmsum stöðum í gildandi lögum á einn og sama staðinn í frumvarpinu (Þingskjal 730, 2015-2016, 2. gr.). Með þessu telur höfundur að gangi frumvarpið í gegn og verði að lögum í núverandi mynd, megi vænta þess að lögin verði auðlesanlegri og rekja megi ástæðuna til tveggja þátta. Í fyrsta lagi er fljótlega að leita uppi viðeigandi skilgreiningu séu þær allar á sama stað og í öðru lagi fækkar tilvísunum í hina og þessa grein vegna mismunandi greinar, málsgreinar og töluliðar.

## **7 Grunnforsendur ársreiknings**

Í 11. gr. gildandi Laga um ársreikninga er að finna ákvæði um samningu ársreiknings sem miða skal við ákveðnar grunnforsendur. Þær fjalla m.a. um rekstrarhæfi félaga, reglur um matsaðferðir og samræmi í birtingu einstakra liða frá ári til árs (*Lög um ársreikninga*, 11. gr.). Í frumvarpinu er ekki mikið um breytingar á kaflanum um grunnforsendur ársreiknings en kaflinn er engu að síður undirstaða þeirra kafla sem á eftir koma, sem fjalla um liði ársreiknings og breytingar.

## **8 Einstakir liðir ársreiknings og breytingar**

Í 8. kafla þessarar rannsóknar verður fjallað um hvern lið ársreikningsins fyrir sig, þ.e., efnahagsreikning, rekstrarreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar. Fjallað verður almennt um innihald þeirra, þær breytingar sem lagðar eru til að gerðar verði sem og niðurstöður rannsóknar úr spurningum er tengjast kaflanum.

### **8.1 Efnahagsreikningur**

Innan efnahagsreiknings má finna eignir og skuldir þar sem teknar eru fram allar skuldbindingar félagsins. Einnig má þar finna eigið fé, sem er mismunurinn á milli eigna og skulda. Þegar eign er færð á efnahagsreikning uppfyllir hún þau skilyrði að fjárhagslegur ávinningur til framtíðar er líklegur til þess að renna til viðkomandi félags sem og að virði eignarinnar er hægt að meta með áreiðanlegum hætti. Skuldir skulu aðeins færðar á efnahagsreikning ef hægt er að meta virði hennar með áreiðanlegum hætti og líklegt er að félagið komi til með að greiða hana (*Lög um ársreikninga*, 14. gr.).

### 8.1.1 Óefnislegar eignir

Innan efnahagsreiknings, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, má finna eignir er kallast óefnislegar eignir. Óefnislegar eignir eru ekki skilgreindar í nógildandi lögum um ársreikninga en skv. alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum eru þær skilgreindar sem ópeningalegar, ekki í hlutkenndu formi en hægt er að bera kennsl á þær, þ.e. eru aðgreinanlegar<sup>1</sup> (International Financial Reporting Standards, 2012). Samkvæmt 16. gr. Laga um ársreikninga og reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga falla einkaleyfi, einkaréttur, vörumerki, þróunarkostnaður, viðskiptavild o.fl. undir eignir er kallast óefnislegar.

Þau skilyrði er uppfylla þarf til þess að eignfæra megi óefnislegar eignir eru eftirfarandi (Deloitte, IAS 38, 2015):

1. Tiltekin eign uppfyllir skilyrði þess að vera óefnisleg<sup>2</sup>,
2. Hægt er að meta framtíðarávinning eignarinnar og líklegt er að allan ávinning sem frá henni rennur megi rekja til félagsins<sup>3</sup>,
3. Hægt er að meta kostnaðinn sem tengdur er eigninni með áreiðanlegum hætti<sup>4</sup>.

Viðbótarkröfur eru þó gerðar vegna eignfærslu óefnislegra eigna er myndast innan félaga. Þegar eignir myndast innan félaga er þeim skipt í tvö stig, rannsóknarstig og þróunarstig. Ef um rannsóknarstig er að ræða, þá skal ávallt gjaldfæra allan kostnað en ekki eignfæra. Dæmi um rannsóknarstig er sú starfsemi að afla nýrrar þekkingar og leit að efnum, tækjum eða framleiðsluvörum sem koma skulu í stað þeirra sem nú eru notuð. Þegar um þróunarstig er að ræða, skal eignfæra óefnislegu eignina, að uppfylltum viðbótarskilyrðum. Dæmi um þróunarstarfsemi eru hönnun, bygging og prófun verkfæra sem byggja á nýrri tækni. Viðbótarskilyrðin sem uppfylla þarf eru eftirfarandi (International Financial Reporting Standards, 2012):

1. Félag hefur tæknilega getu til þess að klára óefnislegu eignina svo hægt sé að nota hana eða selja<sup>5</sup>,

<sup>1</sup> „Non-monetary, without physical substance and identifiable.“

<sup>2</sup> „An intangible asset, whether purchased or self-created.“

<sup>3</sup> „It is probable that the future economic benefits that are attributable to the asset will flow to the entity.“

<sup>4</sup> „The cost of the asset can be measured reliably.“

<sup>5</sup> „An entity can demonstrate the technical feasibility of competing the intangible asset so that it will be available for use or sale.“

2. Félag áætlar að ljúka við gerð óefnislegu eignarinnar og síðar nota hana eða selja<sup>6</sup>,
3. Félag staðfestir að hafa næga kunnáttu til þess að nota eða selja óefnislegu eignina<sup>7</sup>,
4. Félag hefur getu til þess að sýna hvernig eignin verði metin til fjár í framtíðinni. Félag skal ennfremur meðal annars sýna fram á notagildi óefnislegu eignarinnar eða að markaður sé til fyrir óefnislegu eignina eða framleiðslueiningar hennar<sup>8</sup>,
5. Félag hefur næg tæknileg, fjárhagsleg og önnur úrræði til þess að klára þróunina á óefnislegu eigninni og til þess að nota hana eða selja<sup>9</sup>,
6. Félag hefur nægilega getu til að meta útgjöld með áreiðanlegum hætti sem rekja má til óefnislegu eignarinnar meðan á þróun hennar stendur<sup>10</sup>.

### 8.1.2 Hvað breytist?

Í 16. gr. laga um ársreikninga má sjá að félög sem fara yfir ákveðin stærðarviðmið, sem fjallað var um í kafla 6.1.1 þessarar rannsóknar, eru skyldug til þess að eignfæra óefnislegar eignir, ef skilyrðin hér að ofan, í kafla 8.1, eru uppfyllt. Hér er því ljóst að félög sem uppfylla skilyrðin hafa ekki val um að gjaldfæra þróunarkostnað, sé þess óskað (*Lög um ársreikninga*, 16. gr.).

Í frumvarpinu til breytinga á lögnum er að finna breytingu á þessu ákvæði laganna. Í 12. gr. frumvarpsins er tekið fram að **öll** félög **megi** telja til eignar óefnislegar eignir, að uppfylltum skilyrðum settra reikningsskilareglna. Hér er lögð áhersla á orðið mega, því þar er tekið til kynna að um val er að ræða. Þá geta öll félög valið hvort gjaldfæra skuli, eða eignfæra, tiltekna óefnislegar eignir, svo sem þróunarkostnað. Þar er hins vegar tekið fram að óheimilt er að eignfæra þann kostnað er áður hefur verið gjaldfærður vegna óefnislegrar eignar. Getið er þess ennfremur að félög sem taka þá ákvörðun að eignfæra þróunarkostnað eiga að færa þá fjárhæð sem eignfærð er á þar til gerðan lið á meðal eigin fjár sem ekki er heimilt að útdeila arði af. Afskrifa þarf svo eignfærða þróunarkostnaðinn og skal afskrifa liðinn meðal eigin fjár um sömu upphæð (Þingskjal 730, 2015-2016, 12. gr.).

<sup>6</sup> „An entity has intention to complete the intangible asset and use or sell it.“

<sup>7</sup> „An entity has ability to use or sell the intangible asset.“

<sup>8</sup> „An entity has ability to demonstrate how the intangible asset will generate probable future economic benefits. Among other things, the entity can demonstrate the existence of a market for the output of the intangible asset or the intangible asset itself or, if it is to be used internally, the usefulness of the intangible asset.“

<sup>9</sup> „An entity has ability to demonstrate the availability of adequate technical, financial and other resources to complete the development and to use or sell the intangible asset.“

<sup>10</sup> „An entity has ability to measure reliably the expenditure attributable to the intangible asset during its development.“

### 8.1.3 Ábendingar í innsendum erindum

Ábending barst frá félagi löggiltra endurskoðenda þess efnis að taka yrði tillit til skattáhrifa þannig að færa ætti upphæðina sem nemur eignfærða þróunarkostnaðinum á lið meðal eigin fjár, eins og kemur fram í frumvarpinu, en að teknu tilliti til skattáhrifa. Þannig væri verið að koma í veg fyrir að eignfærsla þróunarkostnaðar verði ekki meira íþyngjandi heldur en gjaldfærslan (Sigurður B. Arnþórsson, 2016). Svar barst frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem hljómaði þannig að ef félag skyldi ákveða að eignfæra óefnislega eign sína er skylda að færa **jafnháa** upphæð á liðinn meðal eiginfjár sem ekki má ráðstafa þangað til að eignin sé fullkomlega afskrifuð (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016). Túlka má því svar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þannig að jafnhá upphæð skal færð á meðal eigin fjár, óháð því hvort áhrifa megi gæta frá skattengdum kostnaði eður ei.

## 8.2 Rekstrarreikningur

Innan rekstrarreiknings er að finna heildartekjur og heildargjöld félags frá rekstrarári þess og gæta þarf þess að rekstrarreikningur sé saminn á reglubundinn hátt. Mikilvægt er að rekstrarreikningur gefi glögga mynd af rekstri reikningsársins og sýni fram á annaðhvort hagnað eða tap sem myndast hefur (*Reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga* nr. 696/1996).

### 8.2.1 Hvað breytist?

Innan rekstrarreiknings er í raun ekki mikið sem breytist, enn þurfa öll félög, stór sem smá, að skila inn rekstrarreikningi með reikningsskilum sínum. Helsta breytingin er þó sú að í Tilskipun ESB er kveðið á um að örfélögum sé heimilt að skila inn einfaldari rekstrarreikningi en áður með reikningsskilunum. Í frumvarpinu er útfærslan á einfölduninni þannig að örfélög geta nýtt sér svokallaðan hnapp við reikningsskil sín, en nánar verður fjallað um hnappinn í kafla 8.4 þessarar rannsóknar. Ákveðin ádeila myndaðist vegna þessa ákvæðis því óljóst þótti hvort einföldunin myndi takmarkast við **skil** ársreiknings til ársreikningaskrár eða að örfélög væru undanþegin skyldunni **gera** ársreikning, en nánar verður fjallað um þetta álitamál í köflum 8.4.1 og 10.1 þessarar rannsóknar. Ljóst er að með þessu ákvæði mun ráðherra þurfa að setja reglugerð um framsetningu og innihald slíks rekstraryfirlits (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016).

## 8.3 Sjóðstreymi

Stjórn og framkvæmdastjórn félaga og samstæðna bera ábyrgð á því að saminn sé ársreikningur á hverju reikningsári. Ársreikningurinn á að innihalda skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Tilgangur sjóðstreymis er að sýna fram á inn- og útgreiðslur ársins, án þess að tekið sé tillit til þess hvenær færslan fer fram. Í sjóðstreymi skal greina frá rekstrar, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingum tímabilsins. Einnig skal greina frá breytingum á handbæru fé í sjóðstreymi, sem og sýna upphafs- og lokastöðu þess (*Lög um ársreikninga*, 28. gr.).

### 8.3.1 Hvað breytist?


Eins og fyrr segir verða nú nokkrar breytingar á gildissviði laganna vegna yfirvofandi breytingar á stærðarviðmiðum félaga. Í Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins er kveðið á um að öll félög skuli setja fram að minnsta kosti efnahagsreikning, rekstrarreikning og skýringar með reikningsskilunum. Þetta á þó ekki við um örfélög þar sem ekki er gerð krafa um að þau skili skýringum með ársreikningi sínum. Hins vegar eru aðildarríkjunum leyft að gera viðbótarkröfur til meðalstórra og stórra félaga um að láta önnur yfirlit fylgja með ársreikningnum, svo sem skýrslu stjórnar og sjóðstreymi. Ljóst er því að aðildarríkjunum er ekki heimilað að krefjast þess að örfélög eða lítil félög útbúi sjóðstreymi þó sjálfsagt sé að þau útbúi það ef vilji er til þess, en um 98,7% íslenskra félaga munu teljast örfélög eða lítil félög (Jón Arnar Baldurs, löggiltur endurskoðandi, munnleg heimild, námskeið, 14. apríl 2016).

Breytingar þessar eru réttlættar með því að upplýstir notendur reikningsskila hafa yfirleitt minni not fyrir þessar viðbótarupplýsingar frá minni félögum sem og kostnaðurinn við gerð þessara viðbótarupplýsinga getur reynst félögunum erfiður (Tilskipun ESB).

### 8.3.2 Niðurstöður rannsókna

Kannað var viðhorf endurskoðenda til þeirrar breytingar frumvarpsins að örfélögum og litlum félögum væri ekki skylt að skila inn sjóðstreymi með ársreikningi sínum, eins og sjá má í spurningu 2 í viðauka A. Á mynd 3 hér að aftan má sjá að ekki er afgerandi niðurstaða meðal þátttakenda hvort eftirsjá verður af sjóðstreymisyfirliti eða ekki en 46% þátttakenda voru á þeirri skoðun að leyfa örfélögum að sleppa því að gera sjóðstreymisyfirlit.

Hins vegar voru 42% andvígir því að leyfa örfélögum að sleppa því og voru 12% sem ekki höfðu skoðun á því.



Mynd 3. Viðhorf til undanþágu vegna sjóðstreymisyfirlits

Sett var fram spurning í kjölfar athugunar á viðhorfi til niðurfellingu sjóðstreymis hjá þeim endurskoðendum sem andvígir eru breytingunni. Flestir voru þeir á þeirri skoðun að sjóðstreymi gefi bæði betri sýn á rekstur félaga sem og mikilvægar upplýsingar um greiðslugetu félaga væri að finna í sjóðstreymi. Á meðal endurskoðenda var karl á aldrinum 40-46 ára með nokkuð góð rök fyrir því að sjóðstreymi haldi sínum hlut í ársreikningum, hjá stórum félögum sem smáum, og voru rökin eftirfarandi:

Sjóðstreymisyfirlitið inniheldur gagnlegar upplýsingar um breytingar á fjármagnsskipan félaga og greiðsluhæfi sem ekki er auðvelt að lesa úr öðrum fjárhagsyfirlitum. Liðurinn „handbært fé“<sup>11</sup> er sérstaklega mikilvægur því hann sýnir hversu miklu fé reksturinn skilar. Þegar til lengdar lætur er öllum félögum nauðsynlegt að eiginlegur rekstur skili jákvæðu handbæru fé.

#### 8.4 Hverjar eru breytingarnar á innihaldi ársreikninga?

Í 3. gr. frumvarpsins má sjá nákvæmar breytingar á innihaldi ársreiknings vegna tilskipunarinnar en þar segir að í ársreikningi allra félaga skuli vera rekstrarreikningur og efnahagsreikningur. Ennfremur er þar tekið fram að ársreikningur lítilla, meðalstórra og stórra félaga innihaldi skýrslu stjórnar og skýringar. Ársreikningur meðalstórra og stórra félaga skal einnig innihalda sjóðstreymisyfirlit (Þingskjal 730, 2015-2016, 3. gr.).

<sup>11</sup> Hér er væntanlega átt við „handbært fé frá rekstri.“

Á neðangreindri töflu má sjá yfirlit um breytingarnar og hvaða liði ársreiknings tiltekin félög eru skyldug að hafa, á einfaldan og auðskiljanlegan hátt.

Tafla 2

*Breytingar á innihaldi liða ársreikninga skv. frumvarpi*

	Skýrsla stjórnar	Rekstrar- reikningur	Efnahagsreikningur	Sjóðstreymisyfirlit	Skýringar
<b>Örfélög</b>	Nei	Já	Já	Nei	Nei
<b>Lítill félög</b>	Já	Já	Já	Nei	Já
<b>Meðalstór félög</b>	Já	Já	Já	Já	Já
<b>Stór félög</b>	Já	Já	Já	Já	Já

Í frumvarpinu eru einnig lögð til þrjú viðbótarákvæði við 3. gr. laga um ársreikninga og kveða þau á um hvernig örfélög skuli skila inn fjárhagsupplýsingum sínum þar sem þau eru ekki krafín um að skila inn sjóðstreymisyfirliti, skýrslu stjórnar og skýringum. Fyrsta málsgreinin, er verður 7. mgr. 3. gr. Laga um ársreikninga kveður á um að örfélögum sé heimilt að **skila** inn rekstrar- og efnahagsreikningi til ársreikningaskrár sem byggist á skattframtali félagsins. Félög verða því að veita samþykki fyrir því að lykiltölur skattframtalsins verða notaðar, með því að nýta sér hnappinn svokallaða, sem ársreikningur félagsins og mun hann teljast fullgildur. Eins og sést á töflu 2 hér að ofan þarf hvorki skýrsla stjórnar né sjóðstreymisyfirlit né heldur skýringar að fylgja slíkum ársreikningi. Ennfremur þarf ekki að endurskoða ársreikninginn eða láta yfirfara hann af skoðunarmanni (Þingskjal 730, 2015-2016, d. liður, 1. mgr., 3. gr.).

Þessi undanþága gildir þó ekki um öll örfélög í heild sinni, þau félög sem samkvæmt frumvarpinu eru skilgreind sem fjárfestingarfélag, eignarhaldsfélög fjárfestingarféлага, félög tengd almannahagsmunum og félög sem nýta sér undanþáguheimild til færslu eigna á gangvirði mega ekki nýta sér þessa heimild laganna (Þingskjal 730, 2015-2016, d. liður, 2. mgr., 3. gr.). Þeim örfélögum er mega nýta sér heimildina ber þó skylda til þess að sýna fram á eftirfarandi viðbótarupplýsingar, komi þær ekki fram í rekstrar- eða efnahagsreikningi félagsins, svo félagið uppfylli skilyrði um glögga mynd starfseminnar:

1. Skuldbindingar, ábyrgðir og ábyrgðarskuldbindingar
2. Fyrirframgreiðslur og lánveitingar til stjórnenda og eigenda félagsins, þar með talið upplýsingar um vaxtakjör, skilmála, endurgreiðslur til stjórnenda og eigenda og niðurfellingar á skuldum

3. Ef félagið á, eða hefur eignast hlut í sjálfu sér skal upplýsa um ástæður kaupanna á árinu, heildarfjölda eigin hluta, hlutfalls þeirra af heildarhlutafé, nafnverð hlutanna og kaupverð þeirra. (Þingskjal 730, 2015-2016, d. liður, 3 mgr., 3. gr.)

Ljóst er að með breytingum þessum er nauðsynlegt að koma á legg nýrri reglugerð þar sem setja þarf ákveðnar reglur um uppsetningu og framsetningu nýrra reikningsskila er varðar örfélög. Ennfremur er ljóst að fella þarf úr gildi eða breyta allnokkrum reglugerðum og lögum sem kveða á um hvað ársreikningur skuli innihalda og hvernig hann skuli settur fram. Taka má þar dæmi um Reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996 þar sem til dæmis þyrfti að taka fram breytinguna á stærðarviðmiðum félaga. Ennfremur þyrfti að breyta Reglugerð um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga nr. 664/2008 þar sem vísað er oft og tíðum í lög um ársreikninga sem koma til með að breytast og einnig koma aftur til sögunnar breytingar um stærðarviðmið félaga. Fara þarf skipulega yfir allar þær reglugerðir er vísa í núverandi lög um ársreikninga og ganga úr skugga um að þær séu aðlagðar þeim breytingum er koma til með að verða í nýju og breyttu lögunum um ársreikninga. Uppfæra þarf jafnframt lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 vegna breytinganna á lögum um ársreikninga. Í 9. gr. Laga um hlutafélög og 7. gr. Laga um einkahlutafélög er til dæmis að finna ákvæði sem kveða á um skyldu félaga til þess að upplýsa um fjölda endurskoðenda eða skoðunarmanna sem og kjörtímabil þeirra. Ljóst er að ákvæðin munu ekki samræmast breytingunum sem fram koma í frumvarpinu til breytinga á lögum um ársreikninga því samkvæmt ákvæðum frumvarpsins munu örfélög hvorki vera skyldug til þess að kjósa sér endurskoðanda né skoðunarmann, eins og fjallað var um fyrr í þessum kafla.

#### ***8.4.1 Ábendingar í innsendum erindum***


Frá Félagi löggiltra endurskoðenda kom mikilvæg ábending um það að mismunandi skilningur væri á því hvort örfélög, að uppfylltum skilyrðum, væru í raun undanskilin þeirri skyldu að **gera** ársreikning ef þau myndu nýta sér hnappinn eða hvort hnappurinn næði aðeins til yfirlitsins sem **skilað** er til ársreikningaskrár (Sigurður B. Arnþórsson, 2016). Í svari atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins var lagt til að skerpa á orðalagi ákvæðisins þannig að ekki færi á milli mála hver skylda örfélaga er. Samkvæmt útskýringu ráðuneytisins er örfélögum heimilt, að uppfylltum skilyrðum, að semja rekstrar- og efnahagsyfirlit sem byggð væru á skattframtali félagsins. Örfélög myndu þá nýta sér hnappinn við skilin á skattframtalinu og útbúinn væri



staðlaður ársreikningur sem færi síðan til opinberrar birtingar. Ennfremur er nefnt að ráðherra myndi setja reglugerð um framsetningu slíks ársreiknings (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016). Fyrir Alþingi liggur, ásamt frumvarpinu til breytingu á lögum um ársreikninga, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagákvæðum um skatta og gjöld. Í tilvísan til fyrirhugaðra breytinga á ársreikningalögum, er þar lagt til að tekin verði af öll tvímæli um skyldu félaga til að leggja fram ársreikning með skattframtali, þ.e.a.s., gera ársreikning til þess að skila inn með skattframtali (Þingskjal 1095, 2015-2016, athugasemdir við lagafrumvarpið, kafli 4.4). Hér virðist gæta ósamræmis milli skattalagafrumvarpsins og svars atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um skyldu örfélaga og lítilla félaga vegna ársreikninga. Fari bæði frumvörpin til samþykkis laga hjá Alþingi í núverandi mynd er enginn vafi á því að upp munu koma vandamál við innleiðingu hnappsins hjá örfélögum þegar ýmis lög um starfsemi þeirra orka tvímælis. Með öðrum orðum, mikilvægt er að gæta þess að samræma þessi tvö frumvörp áður en til samþykkis laga kemur.


#### 8.4.2 Niðurstöður rannsóknar

Lagðar voru fram tvær spurningar þar sem athuga skyldi hvert viðhorf endurskoðenda væri til þeirrar undanþágu er örfélög munu fá við skil á ársreikningum annars vegar og gerðar á ársreikningum hins vegar. Í spurningu 4 í viðauka A má sjá spurninguna um viðhorf endurskoðenda til þeirrar undanþágu að örfélög fái að skila einfaldri útgáfu af ársreikningi sem byggjast mun á skattframtali félagsins og nýta hnappinn til þess um leið og skattframtali er skilað. Flestir þátttakendur voru fylgjandi undanþágu örfélaganna, eða um 61%, eins og sjá má á mynd 4. Um fimmtungur þátttakenda voru þó annaðhvort andvígir undanþágunni eða höfðu ekki skoðun á henni.



Mynd 4. Viðhorf til nýtingar skattframtals sem fullgilds ársreiknings

Í framhaldi af þessari athugun var kannað viðhorf hjá endurskoðendum til þess hvort fyrrgreind einföldun til skila á ársreikningi ætti að takmarkast við þær upplýsingar sem sendar eru ársreikningaskrá til opinberrar birtingar eða hvort leyfa ætti örfélögum að sleppa því að **gera** ársreikning. Þar voru niðurstöðurnar ekki alveg jafnafgerandi og í fyrri spurningunni. Þar eru fleiri þátttakendur andvígir þeirri undanþágu, eins og sjá má á mynd 5 hér að aftan, að leyfa örfélögum að sleppa því að gera ársreikning.



Mynd 5. Viðhorf endurskoðenda til undanþágu örfélaga til gerðar ársreiknings

Um 40% þátttakenda eru á þeirri skoðun að leyfa örfélögum að sleppa því að gera ársreikning en um það bil jafn margir þátttakendur eru andvígir því að leyfa örfélögum að sleppa því að gera ársreikning. Niðurstöðurnar mætti því túlka þannig að þátttakendur telji að undanþágan ætti að takmarkast við það hvaða upplýsingar eru sendar ársreikningaskrá til opinberrar birtingar.

## 8.5 Skýringar

Í skýringum ársreikninga er í raun verið að greina nánar frá þeim upplýsingum sem birtar eru í rekstrar- og efnahagsreikningi. Þar skulu til dæmis koma fram aðferðir við mat á einstökum liðum ársreikningsins og helstu forsendur er liggja að baki matsaðferðum (*Lög um ársreikninga*, 44. gr.). Hægt er að sjá nákvæmlega hvað skal koma fram í skýringum í 5. kafla laga um ársreikninga.

### 8.5.1 Hvað breytist?

Í raun eru engar grundvallarbreytingar gerðar á skýringum ársreikninga, því enn þurfa lítil félög, meðalstór félög og stór félög, að útskýra einstaka liði ársreikningsins í skýringum. Örfélögum sem nýta sér heimild til skila ársreiknings byggðum á skattframtali félagsins er þó ekki skylt að láta skýringar fylgja ársreikningnum, ef vísað er í svar atvinnuvega- og

nýsköpunarráðuneytisins í kafla 8.4.1 (Þingskjal 730, 2015-2016, 3. gr.). Stærsta breytingin er lýtur að skýringum eru auknar upplýsingaskyldur og kröfur sem gerðar eru til félaga. Tilskipunin og þar af leiðandi frumvarpið kveða á um að félög þurfi til dæmis að upplýsa í skýringum um heiti félagsins, félagsform þess og heimilisfang aðalskrifstofu félagsins. Ennfremur kveður frumvarpið á um aukna upplýsingaskyldu vegna helstu reikningsskilaaðferða og útskýringar á notkun þeirra og lýsingu á óvenjulegum fjárhæðum (Þingskjal 730, 2015-2016, 29. gr.). Samkvæmt frumvarpinu eru auknar kröfur gerðar til félaga um skýringar við endurmat fastafjármuna. Þar á til dæmis að segja frá aðferðum sem beitt var við endurmatið auk þess sem upplýsa skal um bókfært verð eignarinnar hefði hún ekki verið endurmetin (Þingskjal 730, 2015-2016, 30. gr.). Ekki er einungis lögð aukin áhersla á upplýsingaskyldu vegna endurmats eigna í frumvarpinu heldur skal endurmatið, sé það framkvæmt á eign, fara fram árlega (Þingskjal 730, 2015-2016, 21. gr.). Í gildandi lögum skal endurmatið aðeins framkvæmt einu sinni, þegar markaðsverðið er metið töluvert hærra en bókfærða verðið og ástæður þess eru taldar vera varanlegar (*Lög um ársreikninga*, 31. gr.). Ljóst er því að aukinn kostnaður gæti lagst á þau félög er ákveða að endurmeta fasteignir eða aðra rekstrarfjármuni því þar með skuldbinda þau sig til þess að framkvæma matið árlega og ekki er víst að sú þekking sem felst í gerð endurmatsins búi innan félagsins.

## 8.6 Skýrsla stjórnar

Í skýrslu stjórnar skal koma fram hver aðalstarfsemi félagsins er, mikilvæg atriði við mat á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins, möguleg óvissa við matið eða óvenjulegar aðstæður sem gætu haft áhrif á matið, markverðir atburðir sem gerðust eftir að reikningsárinu lauk o.fl. (*Lög um ársreikninga*, 65. gr.).

Síðastliðin ár hefur verið lögð aukin áhersla á samfélagslega ábyrgð vegna starfsemi félaga, stórra og smárra. Áherslan kemur að miklu leyti frá neytendum sem nú eru orðnir upplýstari um viðskiptaumhverfi félaga og getur þeirra val á viðskiptum beinst að því félagi er hefur skýra stefnu í samfélagslegri ábyrgð (Wagner, Lutz og Weitz, 2009). Hins vegar geta kröfurnar einnig komið frá ríkisstjórn hvers lands fyrir sig vegna aukinna ábyrgða sem sett eru á félög hvað varðar mengun og spillingu, eins og raunin er samkvæmt frumvarpinu (Þingskjal 730, 2015-2016, 42. gr.).

### 8.6.1 Hvað breytist?

Í tilskipuninni er stórum félögum og almannahagsmunafélögum gert skylt að að greina frá greiðslum þeirra til stjórnvalda vegna skógarhöggs eða starfsemi í námuiðnaði í skýrslu stjórnar. Sú skýring er talin auka gagnsæi í viðskiptaumhverfinu og er einnig viðbót við aðgerðaráætlun Evrópusambandsins um löggæslu, betri stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum (Tilskipun ESB).

Í frumvarpinu til breytinga á lögnum er tilskipuninni fylgt eftir með því að bæta við tveimur nýjum málsgreinum við 66. gr. laga um ársreikninga í kaflanum um skýrslu stjórnar. Málsgreinarnar munu fá sérstaka titla sem kallast munu ófjárhagsleg upplýsingagjöf og skýrsla um greiðslur til stjórnvalda. Í raun má segja að gengið er skrefinu lengra í frumvarpinu vegna krafa til félaga að upplýsa um samfélagslega ábyrgð heldur en tilskipunin kveður á um. Í kaflanum um ófjárhagslega upplýsingagjöf verður félögum sem uppfylla ákveðin skilyrði gert skylt að láta ákveðnar upplýsingar fylgja með skýrslu stjórnar. Upplýsingar þessar teljast nauðsynlegar til þess að meta stöðu og áhrif félags er varðar þróun, umfang, áhrif og stöðu þess í umhverfis- og félagsmálum sem og starfsmannamálum. Þá skulu félög einnig greina frá stefnu þeirra í mannréttindamálum sem og hvernig félagið vinnur á móti spillingu og mútum. Félögin sem þurfa að upplýsa um þessi skilyrði eru stór félög í skilningi kafla 6.1.1 þessarar rannsóknar, móðurfélög stórra samstæðna, ef við á, og félög sem tengd eru almannahagsmunum.

Ennfremur skulu fyrrnefnd félög upplýsa um eftirfarandi atriði í skýrslu stjórnar:

1. Lýsingu á viðskiptamódeli félagsins
2. Lýsingu á stefnu félagsins í umhverfis-, félags- og starfsmannamálum.
3. Yfirlit yfir árangur í umhverfis-, félags- og starfsmannamálum
4. Lýsingu á megináhættum, í umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, sem talin eru hafa skaðleg áhrif og hvernig félagið ætlar sér að takast á við áhætturnar.
5. Yfirlit yfir viðeigandi lykilmælikvarða sem taldir eru vera ófjárhagslegir (Þingskjal 730, 2015-2016, 42. gr.).

Í kaflanum um skýrslu um greiðslur til stjórnvalda, er kemur fram í frumvarpinu, skulu sömu félög og falla undir skilyrði í kaflanum um ófjárhagslega upplýsingagjöf, er hafa starfsemi í námuiðnaði eða skógarhöggi, semja sérstaka skýrslu er fylgja mun skýrslu stjórnar um greiðslur til stjórnvalda vegna starfsemi þeirra. Ljóst er að setja verður á laggirnar nýja reglugerð er fjallar um þessa viðbótargrein laganna (Þingskjal 730, 2015-2016, 42. gr.).

## 9 Matsreglur

Í þessum kafla rannsóknarinnar verður fjallað um þær matsreglur er gilda um ákveðna liði ársreikninga, til dæmis hvort meta eigi eignir á gangvirði eða kostnaðarverði og mat á afskriftartíma eigna. Hér verður sérstök áhersla lögð á mat á fjármálagerningum og viðskiptavild vegna fyrirhugaðra breytinga á lögnum samkvæmt frumvarpinu. Einnig munu koma fram ábendingar er bárust vegna breytinganna sem og niðurstöður rannsóknar úr spurningum er tengjast viðeigandi umfjöllunarefni.

### 9.1 Viðskiptavild og afskrift viðskiptavildar

Eins kom fram í kafla 8.1.1 er viðskiptavild (e. goodwill) skilgreind sem óefnisleg eign fyrirtækja. Viðskiptavild er því ósnertanleg og ósjáanleg eign félaga sem oft og tíðum þarfnast huglægs mats við mat á virði hennar. Samkvæmt Bloom (2008) er viðskiptavild í raun ekki metin á eiginleikum hennar heldur er viðskiptavild metin á útreiknaðri stærð sem metin er í samræmi við virði hennar.

#### 9.1.1 Hvað breytist?

Í tilskipun ESB eru gerðar ákveðnar breytingar á afskriftum viðskiptavildar. Í núverandi lögum um ársreikninga eru eftirfarandi reglur við líði við afskrift viðskiptavildar: „Hafi félag greitt meira fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn undir tilgreindar eignir ef það er unnt, ella telst hann viðskiptavild“ (*Lög um ársreikninga*, 41. gr.). Ef þessi mismunur telst viðskiptavild á að afskrifa hana með reglubundnum hætti á áætluðum nýtingartíma en **ekki lengri tíma en 20 árum** eða skal hún metin árlega, í samræmi við settar reikningsskilareglur, ef ekki er hægt að áætla nýtingartíma hennar (*Lög um ársreikninga*, 41. gr.). Ekki er fjallað um þetta mál sérstaklega í reglum reikningsskilaráðs en samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum er viðskiptavild ekki afskrifuð heldur er framkvæmt árlegt virðisrýrnunarpróf<sup>12</sup> (Deloitte, 2015). Samkvæmt Tilskipun ESB verður ekki breyting á því að óefnislegar eignir skal afskrifa á nýtingartíma, sú staðreynd heldur sínum hlut, hins vegar verða breytingar gerðar á því að þegar ekki er hægt að meta nýtingartíma viðskiptavildar með áreiðanlegum hætti skulu þær eignir ávallt afskrifaðar innan ákveðins hámarkstímabils. Tímabilið **má ekki vera styttra en fimm**

<sup>12</sup> „Goodwill and other intangible assets with indefinite useful lives are tested for impairment at least annually and recoverable amount calculated.“

**ár og ekki lengra heldur en tíu ár.** Gæta þarf þess að skýra frá afskriftartímabilinu í skýringum (Tilskipun ESB).


Í frumvarpinu um breytingu á lögum um ársreikninga er þessari grein tilskipunarinnar nokkurn veginn fylgt eftir. Í frumvarpinu er kveðið á um að ekki verði lengur heimilt að sleppa því að afskrifa viðskiptavild, þ.e. gera árlegt virðisrýrnunarpróf, heldur skuli hún alltaf afskrifuð á tíu árum, óháð nýtingartíma hennar (Þingskjal 730, 2015-2016, 17. gr.). Það er því ljóst að ákveðið hefur verið að 10 ár skuli alltaf vera viðmið fyrir afskrift viðskiptavildar hvort sem hægt er að ákvarða nýtingartíma hennar með áreiðanlegum hætti eða ekki, sem er nokkuð frábrugðið ákvæðum tilskipunarinnar.

### ***9.1.2 Ábendingar í innsendum erindum***

Nokkrar ábendingar bárust ráðuneytinu vegna þessarar breytingar og má þar nefna tvær mikilvægar ábendingar. Fyrsta ábendingin hljóðaði svo að ekki sé skýrt hvort eigi alltaf að afskrifa viðskiptavild á 10 árum eða það skuli bara gera þegar ekki er hægt að ákvarða nýtingartíma hennar (Sigurður B. Arnþórsson, 2016). Seinni ábendingin sem vert er að koma inn á benti á þann óleik að ef afskrifa á viðskiptavild ávallt á 10 árum, en hægt sé til dæmis að meta nýtingartíma hennar á 7 árum, þá getur það ekki talist glögg mynd, eins og gert er ráð fyrir að reikningsskilin sýni (Þórir Ólafsson, 2016). Höfundur rannsóknar þessarar er sammála þessum athugasemdum þar sem til dæmis má finna eftirfarandi setningu í 17. gr. frumvarpsins: „[...]skal ávallt afskrifa viðskiptavild á 10 árum og einnig skal afskrifa þróunarkostnað á 10 árum ef ekki er hægt að skilgreina nýtingartíma hans“ (Þingskjal 730, 2015-2016, 17. gr.). Þessi setning getur talist fremur villandi þar sem einungis er gefið til kynna að skilgreining á nýtingartíma þróunarkostnaðar skiptir máli fyrir afskrift en að nýtingartími viðskiptavildar skipti ekki máli, ávallt skal afskrifa á 10 árum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið svaraði þessum athugasemdum á þann veg að afskrifa eigi viðskiptavild á 10 árum, óháð nýtingartíma. Breytingin verður því sú að afskriftin verður færð úr 20 árum að hámarki niður í fasta 10 ára afskrift og hvorki verður lengur miðað við nýtingartíma viðskiptavildarinnar né hægt að meta hana árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016).

### 9.1.3 Niðurstöður rannsóknar

Athugað var í rannsókninni hvert viðhorf endurskoðenda væri til þessarar breytingar, eins og sjá má í spurningu 7 í viðauka A. Samkvæmt mynd 6 hér að aftan, má sjá að um helmingur þátttakenda er fylgjandi því að ávallt skuli afskrifa viðskiptavild á 10 árum.



Mynd 6. Viðhorf til fastrar afskriftar viðskiptavildar

Rúmlega þriðjungur þátttakenda er andvígur þeirri breytingu og 14% sem hvorki var fylgjandi né andvígur föstum afskriftartíma viðskiptavildar. Sett var fram spurning í kjölfar spurningarinnar um viðhorf til fastrar afskriftar viðskiptavildar á 10 árum, ef menn voru andvígir breytingunni. Tilgangur þeirrar spurningar var einfaldlega sá að athuga hvers vegna þátttakendurnir væru andvígir breytingunni. Flest svörin hljóðuðu á þann veg að með því að afskrifa viðskiptavild ávallt á 10 árum, óháð nýtingartíma hennar, væri ekki verið að gefa glögga mynd af ársreikningnum og farið væri á mis við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Forvitnilegt er að velja upp þeirri spurningu hvort félög, sem hingað til hafa fært viðskiptavild í samræmi við settar reikningsskilareglur, þ.e.a.s. framkvæmt árlegt virðisrýrnunarpróf, muni nú vilja nýta sér heimildina til þess að beita alþjóðlegu stöðlunum við færslu viðskiptavildar til þess að losna við ákvæði frumvarpsins um fasta 10 ára afskrift viðskiptavildar.

## 9.2 Auknar heimildir til mats fjármálagerninga á gangvirði

Í núverandi lögum um ársreikninga er almennt talið að meta skuli fastafjármuni og veltufjármuni við kostnaðarverði, skv. 29. og 32. gr. laganna, en þó með nokkrum undantekningum (*Lög um ársreikninga*, 29. og 32. gr.). Eina undantekninguna er að finna í 36. gr. laga um ársreikninga, sem kveður á um eftirfarandi: „Heimilt er að meta til gangvirðis fjármálagerninga *ef* þeirra hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja aftur eða til að hagnast á skammtímaverðbreytingum“ (*Lög um ársreikninga*, 36. gr.). Gangvirðisbreytingar fjármálagerninga til að hagnast á skammtímaverðbreytingum eru færðar í gegnum

rekstrarreikning og þaðan á óráðstafað eigið fé. Gangvirðisbreytingar fjármálagerninga til að selja aftur (fjáreignir til sölu skv. frumvarpinu) fara beint inn á sérstakan reikning meðal eigin fjár en ekki á óráðstafað eigið fé (*Lög um ársreikninga*, 36. gr.). Ekki er lögð til breyting á þessu skv. frumvarpinu.

Í gildandi lögum um ársreikninga er enga skilgreiningu á hugtakinu um gangvirði að finna en í frumvarpinu er henni bætt við og er skilgreiningin á þessa leið: „Verðið sem gæti fengist við sölu á eign eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í eðlilegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi“ (Þingskjal 730, 2015-2016, 18. tl., 2. gr.). Í 7. tl. 36. gr. gildandi Laga um ársreikninga má finna upptalningu á því hvað telst til fjármálagerninga en í frumvarpinu er lagt til þess að vísa í lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 um skilgreiningu þeirra. Þar segir að til fjármálagerninga teljast verðbréf, svo sem hlutabréf og skuldabréf, peningamarkaðsskjöl, hlutdeildarskírteini, valréttarsamningar, hrávöruafleiður o.fl. (*Lög um verðbréfavíðskipti* nr. 108/2007, 2. gr.). Með því að vísa í lög um verðbréfavíðskipti má segja að aukin hagræðing felist í breytingunni þar sem ef komi til breytinga á skilgreiningu fjármálagerninga í lögum um verðbréfavíðskipti þarf ekki að breyta sams konar grein í lögnum um ársreikninga.

### **9.2.1 Hvað breytist?**

Í 8. gr. tilskipunar ESB má sjá ákvæði um auknar heimildir til þess að meta fjármálagerninga á gangvirði. Þar segir að aðildarríkin skuli gera kröfu eða leyfa félögum að meta bæði fjármálagerninga og aðrar eignir á gangvirði (Tilskipun ESB).

Áfram verður heimilt skv. frumvarpinu að meta fjármálagerninga til gangvirðis óháð því hvort tilgangur öflunar þeirra hafi verið til að selja aftur eða til þess að hagnast á skammtímaverðbreytingum (Þingskjal 730, 2015-2016, um 24. gr.). Fjármálagerningum sem aflað var af þeirri ástæðu að hagnast á skammtímaverðbreytingum skal áfram færa í rekstrarreikning og þaðan á óráðstafað eigið fé og fjármálagerningum sem aflað var í þeim tilgangi að selja aftur (fjáreignir til sölu) skal færa beint á gangvirðisreikning meðal eigin fjár (Þingskjal 730, 2015-2016, um 25. gr.). Það sem breytist er að samkvæmt frumvarpinu verður nú hægt að tilgreina fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sem ekki hefur verið heimilt áður. Þar er um að ræða bréf sem ekki uppfylla þau skilyrði að hafa verið aflað til þess að hagnast á skammtímaverðbreytingum en heimilt er samt sem áður að skrá á gangvirði. Gera þarf færslu á móti þeirri sem gerð var í rekstrarreikning af óráðstöfuðu eigin fé á þar til gerðan gangvirðisreikning meðal eigin fjár (Þingskjal 730, 2015-2016, 25. gr.).



## 10 Endurskoðun, yfirferð og birting ársreikninga

Í gildandi lögum um ársreikninga er félögum sem undir eru tveimur af þremur eftirfarandi stærðarmörkum ekki skylt, með nokkrum undantekningum, að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki til að endurskoða ársreikninga sína og gætu því látið skoðunarmann duga:

1. „Eignir nema 200.000.000 kr.,
2. Rekstrartekjur nema 400.000.000 kr.,
3. Fjöldi ársverka er 50“ (*Lög um ársreikninga*, 98. gr.).

Ef ljóst er að félag muni ná einhverjum af ofangreindum viðmiðum er því skylt að kjósa annaðhvort endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki til þess að endurskoða ársreikning sinn (*Lög um ársreikninga*, 98. gr.). Félög sem ekki er skylt að kjósa endurskoðanda, endurskoðunarfyritæki eða skoðunarmenn geta samt sem áður kosið að gera það til að auka áreiðanleika reikningsskila sinna (Eilifsen, Messier jr., Glover og Prawitt, 2014).

### 10.1 Hvað breytist?

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar á lögnum. Annars vegar er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein sem kveður á um að félög sem uppfylla skilyrði þess að kallast örfélög og ætla að nýta sér þá heimild að skila rekstraryfirliti og efnahagsyfirliti byggðum á skattframtali félagsins, eru ekki skyldug til þess að velja sér endurskoðanda, endurskoðunarfyritæki eða skoðunarmann til þess að yfirfara ársreikning sinn (Þingskjal 730, 2015-2016, 57. gr.). Í kafla 8.4.1 var fjallað um hvort örfélög, sem uppfylla skilyrði til notkunar hnappsins, væru í raun og veru undanskilin skyldunni að **gera** ársreikning sem væri laus við alla skoðun eða séu ennþá skyldug til þess að gera ársreikning og hnappurinn næði aðeins til yfirlitsins sem framsendist til ársreikningaskrár. Svar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er afar mikilvægt í þeim skilningi því samkvæmt ráðuneytinu eru örfélögum heimilt að semja ársreikning byggðan á skattframtali sínu og eru því undanþegin þeirri skyldu að **gera** ársreikning.

Hins vegar eru lagðar til lítilsháttar breytingar á viðmiðunarheitum endurskoðunarmarkanna, þ.e.a.s., miða á við niðurstöðutölu efnahagsreiknings en ekki eignir (sem í raun er sama viðmiðið), hreina veltu en ekki rekstrartekjur og meðalfjölda ársverka en ekki fjölda ársverka (Þingskjal 730, 2015-2016, 59. gr.). Þetta eru sömu viðmið og notuð eru þegar stærðarmörk félaga eru ákvörðuð, eins og fjallað var um í kafla 6.1.1 þessarar

rannsóknar. Forvitnilegt er að líta á þá staðreynd að hér er ekki búið að eiga við endurskoðunarmörkin sjálf, heldur standa þau óbreytt þrátt fyrir mikla breytingu á stærðarviðmiðum félaga.


Skoðunarmenn munu jafnframt halda sínum hlut í lögnum en í frumvarpinu er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við lögin sem kveður á um að ráðherra skuli setja reglugerð um hæfi og óhæði skoðunarmanna sem þeim ber að verða við (Þingskjal 730, 2015-2016, 58. gr.).

## 10.2 Ábendingar í innsendum erindum

Ábending barst frá bæði Félagi löggiltra endurskoðenda og KPMG varðandi hæfi skoðunarmanna. Félag löggiltra endurskoðenda taldi nauðsynlegt að koma yrði á reglugerð um hæfi og óhæði skoðunarmanna og taldi KPMG að fella ætti út öll ákvæði um skoðunarmenn eða að krefjast ætti að minnsta kosti lágmarksþekkingar skoðunarmanna á ákvæðum laganna (Sæmundur Valdimarsson, 2016; Sigurður B. Arnþórsson, 2016). Svar barst frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um athugasemdirnar þar sem undirstrikað var að nauðsynlegt væri að setja reglugerð um hæfi skoðunarmanna en ekki sást ástæða til þess að fella út öll ákvæði um skoðunarmenn (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016).

## 10.3 Niðurstöður rannsóknar

Kannað var viðhorf endurskoðenda til þess að skoðunarmenn myndu halda sínum hlut í lögum um ársreikninga. Niðurstöðurnar voru afgerandi á þann veg að þátttakendur eru andvígir því að skoðunarmenn muni áfram finnast í lögum um ársreikninga, eins og sjá má á mynd 7. Rúmlega 60% þátttakenda eru andvígir því að skoðunarmenn muni enn finnast í lögnum en aðeins 19% eru fylgjandi. Þá eru svipað margir þátttakendur hvorki fylgjandi né andvígir, eða 20%.




Mynd 7. Viðhorf til skoðunarmanna

Í kjölfar spurningarinnar um það hvort endurskoðendur væru fylgjandi eða andvígir því að skoðunarmenn yrðu áfram skilgreindir í lögum um ársreikninga var athugað hvers vegna þeir væru fylgjandi eða andvígir.

Þeir endurskoðendur sem fylgjandi voru skoðunarmönnum sáu ekki ástæðu fyrir því að endurskoðendur væru að koma að öllum félögum líkt og örfélögum, til dæmis vegna kostnaðar og reynslan af aðkomu skoðunarmanna í ársreikningum hefði verið í lagi hingað til. Þeir endurskoðendur sem andvígir voru skoðunarmönnum vilja að skilgreina þurfi hæfni og skyldur skoðunarmanna ef þeirra á að gæta enn í lögunum. Skoðanir flestra þátttakenda hljóma þó á þann veg að viðkoma skoðunarmanna í ársreikningum gefi falskt öryggi fyrir lesendur því vægi og áreiðanleiki áritunar skoðunarmanns sé ekki mikið, ef þá nokkuð.

Viðhorf endurskoðenda til óbreyttra endurskoðunarmarkna var jafnframt athugað og létu svörin ekki á sér standa. Eins og sjá má á mynd 8, eru um helmingur þátttakenda fylgjandi því að endurskoðunarmörk haldist óbreytt þrátt fyrir miklar breytingar á stærðarviðmiðum félaga.



Mynd 8. Viðhorf til óbreyttra endurskoðunarmarkna

Tæplega þriðjungur þátttakenda er andvígur því að endurskoðunarmörkin haldist óbreytt og rekja mætti viðhorfið til þeirra miklu breytinga er gerðar eru á stærðarviðmiðum félaga og rökrétt væri því að velta fyrir sér hvort breyta ætti viðmiðunum fyrir endurskoðunarmörkin einnig. Þá er um fimmtingur þátttakenda sem hvorki eru fylgjandi né andvígur óbreyttum endurskoðunarmörkum.

## 11 Aukin viðurlög og málsmeðferðir

Í 11. kafla rannsóknarinnar er fjallað um þær viðamiklu breytingar sem lagt er til að gerðar verði á þeim kafla laga um ársreikninga er fjalla um aukin viðurlög og málsmeðferðir. Einnig verða til umfjöllunar þær ábendingar er bærust atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna fyrirhugaðra breytinga sem og niðurstöður rannsóknar úr spurningum sem tengjast þessum hluta.

### 11.1 Stjórnvaldssektir eða fangelsi

Yfirgripsmiklar breytingar eru lagðar til að verði gerðar á 12. kafla laga um ársreikninga sem varða viðurlög og málsmeðferðir og í raun er lagt til að skipulag kaflans verði gjörbreytt. 120 gr. gildandi laga um ársreikninga hljómar svo:

Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara á þann hátt sem lýst er í 122-125. gr. skal sæta fésektum, en brot gegn 121. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 122. og 123. gr. varða fangelsi allt að sex árum skv. 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga eða fésektum ef málsbætur eru miklar. (*Lög um ársreikninga*, 120. gr.)

Þar sem forsvarsmenn félaga geta annað hvort fengið fésekt eða sætt fangelsisvist gegn brotum á 122. og 123. gr. laganna telur höfundur óhentugt að mögulega gæti matið á hugsanlegu broti úrskurðað um alvarleika hegningar, þ.e., fremur óljóst er hvort forsvarsmenn hafi brotið af sér af gáleysi eða ásetningi. Unnið er að nauðsynlegum breytingum á ákvæðum þessa kafla í frumvarpinu. Lagt er til að kafla þessum verði skipt enn frekar niður og fjallað annars vegar um stjórnvaldssektir, sem fjallað verður sérstaklega um, og hins vegar um sektir eða fangelsi.

Í kaflanum um stjórnvaldssektir er ársreikningaskrá **skylt** að leggja sektir á þau félög sem vanrækja þá skyldu sína að skila inn árs- og samstæðureikningi sínum, ef við á, til opinberrar birtingar innan átta mánaða frá lokum reikningsárs (sem yfirleitt er 31. ágúst) en samkvæmt núgildandi lögum er ársreikningaskrá **heimilt**, en ekki skylt, að leggja sektir á félög vegna vanskila (*Lög um ársreikninga*, 126. gr.). Þrátt fyrir þetta ákvæði er örfélögum sem nýta sér heimild til að skila skattframtali í því skyni að fullnægja skyldu sinni til ársreikningaskila, heimilt að nýta sér þann frest sem ríkisskattstjóri veitir vegna framtala (Þingskjal 730, 2015-

2016, 63. gr.).

Hafi félag ekki skilað inn ársreikningi á réttum tíma skal leggja á félagið stjórnvaldssekt að upphæð 600.000 kr., sem er hærrí upphæð en refsingin sem lögð er til í gildandi lögum, eða 500.000 kr. Félög hafa þó enn möguleika á því að lækka sektina skili þau inn ársreikningi og samstæðureikningi, ef við á, innan 30 daga frá tilkynningu stjórnvaldssektar og mun sektarfjárhæðin lækka um 90%, eða niður í 60.000 kr. Skili félög ársreikningi og samstæðureikningi, ef við á, innan tveggja mánaða mun sektarfjárhæðin lækka um 60%, eða niður í 240.000 kr. og ef þau skila innan þriggja mánaða mun sektarfjárhæðin verða lækkuð um 40%, eða niður í 360.000 kr. (Þingskjal 730, 2015-2016, 70. gr.). Þetta er breyting og aukinn léttir fyrir félög frá gildandi lögum þar sem félög geta aðeins lækkað sektarfjárhæðina um 60%, eða 200.000 kr., ef þau skila inn árs- og samstæðureikningi, ef við á, innan 60 daga (*Lög um ársreikninga*, 126. gr.).

Einnig eru lagðar umdeildar breytingar á því að ekki sé hægt að áframsenda ákvörðun ársreikningaskrár um sekt félaga til æðra stjórnvalds og að stjórnvaldssektum verði beitt óháð því hvort lagabrot séu framin af yfirlögðu ráði eða gáleysi (Þingskjal 730, 2015-2016, 70. gr.). Mun þetta vera breyting frá núgildandi lögum þar sem sektarákvörðuninni er hægt að skjóta áfram til æðra stjórnvalds (*Lög um ársreikninga*, 126. gr.). Hafi félög annaðhvort ekki skilað ársreikningi innan átta mánaða frá því að frestur til skila er liðinn, þ.e.a.s., 16 mánuðum frá lokum reikningsárs, eða skilað ófullnægjandi ársreikningi, skal ársreikningaskrá krefjast slita á félaginu (Þingskjal 730, 2015-2016, 70. gr.).

## 11.2 Ábendingar í innsendum erindum

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu bárust nokkrar athugasemdir vegna þessara breytinga þar sem gagnrýndur var meðal annars skortur á ástæðum er liggja þeim til grundvallar. Meðal þessara gagnrýnenda er ríkisskattstjóri sem notar þau rök að það sé á móti góðri stjórnsýslu að hindra það að slík mál séu kærnanleg til æðra stjórnvalds (Skúli Jónsson og Guðrún J. Jónsdóttir, 2016). Ennfremur er umsögn frá yfirsattanefnd, sem sýnir fram á áhugaverðar niðurstöður þess efnis að félög eru oftar en ekki undanskyld sektinni sem þau fá, eins og sjá má á mynd 9, og væri því réttlátt gagnvart félögum að láta þau fá að njóta vafans og fá að skjóta ákvörðun til æðra stjórnvalds.

Taka má dæmi frá árinu 2010, þar sem 46 félög hafa fengið á sig sekt vegna vanrækslu á skilum á ársreikningi en í öllum tilvikum var sektin felld niður (Ólafur Ólafsson, 2016).

Ár:	Fjöldi úrskurða:	Niðurstaða úrskurðar:			Frávisun/endur- upptöku hafnað
		Sekt felld niður	Sekt lækkuð	Sekt óbreytt	
2010	46	46			
2011	2				2
2012	299	61	145	35	58
2013	46	3	8	21	14
2014	38	1	1	28	8
2015	18	1		13	4
Alls	449	112	154	97	84

*Mynd 9. Úrskurðir yfirskattanefndar vegna vanrækslu á skilum ársreikninga til opinberrar birtingar*

Frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu barst svar vegna þessara ábendinga og lagði ráðuneytið fram þá tillögu að gera greinarmun á stjórnvaldssektum vegna vanskila á ársreikningi annars vegar og ófullnægjandi skila hins vegar. Þar var ráðuneytið ekki á móti því að hægt væri að skjóta ákvörðun um sekt vegna ófullnægjandi skila til æðra stjórnvalds en var á móti því að hægt væri að skjóta ákvörðun um sekt vegna vanskila til æðra stjórnvalds (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016).

### 11.3 Aðgerð gegn kennitöluflakki?

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, telur frumvarpið vera skref í rétta átt gegn kennitöluflakki (Ragnheiður Elín Árnadóttir, 2015-2016). Ekki er til nein skilgreining um hvað kennitöluflakk er lagalega séð, en kennitöluflakk hefur falist í því að félag sé stofnað, með tilheyrandi skuldbindingum, sem síðar verður gjaldþrota. Rekstur félagsins er hins vegar fluttur á nýja kennitölu, þ.e.a.s., nýtt félag er stofnað í sama rekstri, án þess að uppfylla skuldbindingar sínar frá fyrra félagi, því hið nýja félag byrjar algerlega á nýrri blaðsíðu. Kröfuhafar sem eiga kröfu að sækja í gjaldþrota félagið, tapa oft og tíðum öllu sínu því ekki má sækja kröfurnar í hið nýskapaða félag („Leiðir gegn kennitöluflakki“, e.d.).

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra tók dæmi máli sínu til stuðnings, um aðgerðir gegn kennitöluflakki. Tryggt verður að öll félög sem lög um ársreikninga ná yfir skuli skila inn ársreikningum til ársreikningaskrár, óháð því hvort um atvinnurekstur er að ræða. Einnig nefnir ráðherra að lengra sé gengið í því að sekta félög, skili þau ekki inn ársreikningi á tilsettum tíma. Þannig er einnig verið að gera markaðinn gagnsærri þar sem félög sem ekki eru lengur í rekstri, svokölluð „dauð félög“, fara í gjaldþrot og er síðar slitið (Ragnheiður Elín Árnadóttir, 2015-

2016). Að mati höfundar er þó ekkert sem kemur í veg fyrir það að félag stofni nýjan rekstur á nýrri kennitölu, þ.e.a.s. stundi „kennitöluflakk“, þrátt fyrir breytingarnar sem hér að ofan eru nefndar. Breytingarnar eru engu að síður gott fyrsta skref í að auka yfirsýn og gagnsæi viðskiptaumhverfisins og virkja félög til þess að skila inn ársreikningi á tilsettum tíma.

Hvað 70. gr. frumvarpsins varðar, um að krefjast gjaldþrotaskipta á félagi sem ekki hefur skilað inn ársreikningi innan sextán mánaða frá lokum reikningsárs, verður að hafa í huga þann kostnað sem fylgir gjaldþrotaskiptum. Þegar ársreikningaskrá, sem rekin er af ríkissjóði Íslands, krefst gjaldþrotaskipta er það ársreikningaskrá sem þarf að bera kostnaðinn sem af skiptunum hlýst (*Lög um gjaldþrotaskipti* nr. 21/1991, 2. mgr., 66. gr.). Kostnaður vegna skiptatryggingar við gjaldþrotaskipti er 250.000 kr. á skiptum á búi einstaklings, 350.000 kr. á skiptum á búi lögaðila og 500.000 kr. þegar stjórn félags biður sjálf um gjaldþrotaskipti (Hulda J. Sigurðardóttir, munnleg heimild, tölvupóstur, 22. apríl 2016). Ef tekið er dæmi þess efnis að á fyrsta árinu sem breytingar á lögnum taka gildi hafi um 1500 félög ekki skilað ársreikningi innan sextán mánaða og ársreikningaskrá færi fram á skipti á búinu í kjölfarið. Það myndi þýða að 525.000.000 kr. færu beint úr vasa ríkissjóðs, og óvíst hvort að nokkuð fengist upp í kröfur vegna gjaldþrotsins. Að mati höfundar er þetta stór skuldbinding fyrir ríkissjóð og íhuga má hvort hugsað hafi verið nægilega út í þann gríðarlega kostnað sem af þessu hlýst.

## 11.4 Niðurstöður rannsóknar

Lagðar voru fram þrjár spurningar til athugunar á viðhorfi endurskoðenda til breytinga á ákvæðum þessa kafla. Í fyrsta lagi var athugað viðhorf endurskoðenda til þess ákvæðis frumvarpsins að ekki sé hægt að skjóta ákvörðun ársreikningaskrár um sekt vegna vanskila til æðra stjórnvalds. Í öðru lagi var lögð fram spurning þess efnis að athuga viðhorf endurskoðenda til þess að lögð væri sekt á félag að upphæð 600.000 kr. um leið og skilafrestur til skila á ársreikningi rennur út og í þriðja lagi var athugað viðhorf endurskoðenda til þess ákvæðis frumvarpsins að krefjast skuli gjaldþrotaskipta á félagi sem ekki hefur skilað inn ársreikningi innan 8 mánaða frá því að skilafrestur rann út. Hægt er að nálgast nákvæma lýsingu á spurningunum í Viðauka A, undir spurningum 9, 10 og 11. Niðurstöðurnar, eins og sjá má í töflu 3 hér að aftan, eru mjög áhugaverðar. Afgerandi afstöðu er að sjá að margir endurskoðendur taki á þeirri ákvörðun að ekki sé hægt að skjóta ákvörðun um álagningu sektar til æðra stjórnvalds, því um 56% eru andvígir því að ekki sé hægt að fá annað álit á slíkri ákvörðun. Þá eru um 21% þátttakenda fylgjandi og 23% sem hvorki eru fylgjandi né andvígir. Sjá má að þátttakendur taka ekki jafn afgerandi afstöðu til næstu tveggja spurninga þar sem

svipað margir, í kringum 40%, eru fylgjandi og andvígir því að lögð sé sekt á félag um leið og frestur til skila rennur út sem og kröfu á gjaldþrotaskiptum félaga sem skila ekki ársreikningi innan 8 mánaða frá lokum skilafrests.

Tafla 3

*Viðhorf endurskoðenda til sektarákvæða og ákvæða um gjaldþrotaskipti*

	Fylgjandi	Andvíg/ur	Hvorki né
Viðhorf til þess að ekki sé hægt að skjóta ákvörðun ársreikningaskrár um álagningu sektar til æðra stjórnvalds	21%	56%	23%
Viðhorf til þess að lögð sé sekt á félag að upphæð 600.000 kr. um leið og skilafrestur rennur út og sektin geti mest lækkað um 90%	41%	41%	18%
Viðhorf til kröfu á gjaldþrotaskiptum vegna félags sem ekki hefur skilað inn ársreikningi innan 8 mánaða frá lokum skilafrests	43%	41%	16%

## 12 Rannsókn

Rannsókn þessi var gerð í þeim tilgangi að kanna viðhorf endurskoðenda á frumvarpinu til breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 vegna tilskipunar sem kom frá Evrópusambandinu og er nr. 2013/34/ESB. Ennfremur var athugað hvaða áhrif endurskoðendur teldu að einstaka breytingar á lögum myndu hafa á reikningsskil félaga. Lög um ársreikninga nr. 3/2006 eru í raun grundvöllur fyrir starfsemi endurskoðenda og því gríðarlega mikilvægt að endurskoðendur fylgist með þeim breytingum sem gerðar eru á lögnum og innleiði þær í starfsvenjur sínar. Við gerð rannsóknarinnar var frumvarpið enn á frumstigi því aðeins hafði farið fram 1. umræða á Alþingi. Ærið tilefni er til að taka rannsókn þessa til skoðunar áður en frumvarpið verður að lögum. Með því verður viðhorf endurskoðenda tekið til athugunar og mat þeirra á áhrifum lagabreytinganna.

### 12.1 Rannsóknaraðferð


Megindleg aðferð var notuð í þessari rannsókn til þess að öðlast víðan skilning á viðhorfi endurskoðenda gagnvart breytingunum á frumvarpinu og líklegum áhrifum sem þeir töldu



breytingarnar hafa í för með sér. Allir endurskoðendur fengu sömu spurningakönnun og er því hægt að sjá mun á skoðunum einstakra endurskoðenda og auðvelt er að bera saman niðurstöður.

## 12.2 Þátttakendur

Notast var við hentugleikaúrtak í rannsókn þessari þar sem umfjöllunarefni hennar varðaði sérstaklega endurskoðendur og starfsemi þeirra. Alls tóku 74 endurskoðendur þátt í könnuninni af 332 endurskoðendum sem sendur var tölvupóstur á. Alls eru skráðir 332 endurskoðendur í Félag löggiltra endurskoðenda skv. heimasíðu þeirra (fle.is) en þar af voru 12 sem annaðhvort voru hættir hjá viðkomandi félagi, í fríi í einhvern tíma eða rangur tölvupóstur skráður, svo reiknað er með að þeir endurskoðendur sem tók höfðu á að taka þátt í rannsókninni hafi verið um 320. Alls tóku 54 karlar og 20 konur þátt í rannsókninni. Þegar tekið er tillit til hlutfalls karla og kvenna í endurskoðunarstéttinni er hægt að reikna með því að um 27% endurskoðenda eru konur og 73% karlar. Þegar svarhlutfallið í rannsókninni er athugað má sjá að svarhlutfall karla og kvenna er það sama og í þýði endurskoðenda. Frávik vegna hlutfallslegrar þátttöku kynjanna mætti því teljast minniháttar. Eins og sjá má á mynd 10 hér að aftan var aldursbilið var nokkuð breitt eða allt frá 26 ára til 61 árs eða eldri.



Mynd 10. Hlutfallsleg dreifing þátttakenda eftir aldri

Eins og áður kom fram voru 320 endurskoðendur sem höfðu tækifæri á að sjá beiðnina um þátttöku í rannsókninni og voru svörin sem fengust 74 talsins, sem gerir gerir 23,1% svarhlutfall. Á mynd 10 hér að ofan má sjá hlutfall þátttakenda eftir aldri og voru flestir á aldrinum 40-46 ára, eða 36% þátttakenda en næst fæstir á aldrinum 26-32 ára, eða um 5%, þar sem enginn var á aldrinum 25 ára eða yngri. Þá má sjá að 19% þátttakenda voru á aldrinum 33-39 ára, 15% á aldrinum 47-53 ára, 13% á aldrinum 54-60 ára og 11% voru á aldrinum 61 árs eða eldri.

### 12.3 Mælitæki

Rannsóknin var gerð í forriti er kallast Google Forms sem er á vegum heimasíðunnar Google og við úrvinnslu gagna voru tölfræðiforritin Microsoft Excel og SPSS notuð. Spurningarnar voru 19 talsins og voru þær flestar fjölvalsspurningar. Spurningarnar innihéldu flestar örlítinn formála til þess að útskýra efnislegan þátt þeirra og var það talið nauðsynlegt til þess að upplýst svar fengist við spurningum. Formálarnir voru settir fram á hlutlausan hátt og forðast var að hafa áhrif á svör þátttakenda. Að lokum voru venjubundnar bakgrunnsspurningar settar fram. Spurningarnar í heild sinni má finna í Viðauka A, aftast í þessari rannsókn.

### 12.4 Framkvæmd


Framkvæmdin á rannsókninni fór þannig fram að farið var inn á heimasíðu Félags löggiltra endurskoðenda (fle.is) og safnað var saman öllum netföngum endurskoðenda sem þar eru skráðir. Gætt var að því að athuga virkni endurskoðunarleyfis og var því aðeins safnað saman netföngum endurskoðenda sem hafa virk leyfi. Sendur var tölvupóstur á netföngin í kjölfarið, í honum fylgdi með hlekkur á rannsóknina þar sem óskað var eftir svörum. Tekið var sérstaklega fram að ekki var skylda að taka þátt í rannsókninni, hvorki í heild né svara einstaka spurningum og tóku því allir endurskoðendur þátt sjálfviljugir. Einnig var tekið fram að fyllsta trúnaðar væri gætt og ekki væri hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Að lokum var fyrirfram þakkað fyrir þátttökuna. Áður en rannsóknin var lögð fram var hún prófuð af þremur einstaklingum til þess að staðfesta virkni og réttmæti rannsóknarinnar. Mikilvægt er að láta prófa rannsókn sem lögð er fyrir á vefnum áður en hún er formlega lögð fyrir þátttakendur til að koma í veg fyrir tæknileg vandræði sem gætu haft áhrif á svarhlutfallið (Callegaro, Manfreda og Vehovar, 2015). Þau sem rannsóknina prófuðu voru Unnar Friðrik, leiðbeinandi rannsóknarinnar og sérfróður endurskoðandi um frumvarpið, Sæmundur Valdimarsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG og Helga Þorbergsdóttir, hjúkrunarforstjóri. Rannsóknin var látin liggja fyrir í eina viku og var send áminning einu sinni til þess að tryggja sem hæst svarhlutfall. Að lokum voru niðurstöður dregnar saman, gögnin voru hreinsuð og unnið var úr þeim á viðeigandi hátt og í kjölfarið kynntar í rannsókn þessari.

### 12.5 Niðurstöður

Fjallað hefur verið um niðurstöður einstakra spurninga í viðeigandi rannsóknarkafli en þó ekki allar. Hér verða settar fram niðurstöður þeirra spurninga sem ekki hefur verið fjallað um nú

þegar og einnig verða heildarniðurstöður dregnar saman í stuttu máli. Unnið var sem fyrr segir úr niðurstöðunum bæði í Excel og SPSS.

Í fyrstu spurningunni sem lögð var fram í rannsókninni var athugað hversu vel eða illa endurskoðendur teldu sig vera upplýsta um frumvarpið og sjá má niðurstöður á mynd 11 hér að aftan.




Mynd 11. Hversu vel þekkjast endurskoðendur frumvarpið?

Flestir þátttakendur telja sig vera í meðallagi upplýsta eða fremur vel upplýsta, eða um 70% þátttakenda. Þó eru einnig einhverjir sem telja sig vera fremur illa eða mjög illa upplýsta, sem höfundur rekur annaðhvort til þess að frumvarpið er skammt á veg komið hjá Alþingi eða að skortur hefur verið á kynningu frumvarpsins. Frumvarpið hefur þó verið nokkuð mikið kynnt þar sem til dæmis var skrifuð grein í blað Félags löggiltra endurskoðenda sérstaklega um þetta málefni, kynningar hafa verið haldnar í tvígang á árlegum reikningsskiladegi félagsins og ráðstefna á vegum Félags löggiltra endurskoðenda haldin nú í apríl síðastliðnum.

Gildistími lagabreytinganna hefur verið nokkuð gagnrýndur því lagt er upp með að breytingarnar taki gildi þann 1. janúar 2016, þrátt fyrir það að frumvarpið sé enn fyrir Alþingi og aðeins á 1. umræðustigi. Almenn óánægja er meðal þátttakenda vegna gildistíma lagabreytinganna, eins og sjá má á mynd nr. 12, að um 43% endurskoðenda telja að lögin eigi ekki að gilda afturvirk. Þó er 38% þátttakenda fylgjandi gildistíma lagabreytinganna og 19% sem hvorki er fylgjandi né andvígur.

Sett var fram fylgnispurning þess efnis að spurt var hvers vegna menn væru andvígir gildistíma lagabreytinganna og voru menn sammála um að lög ættu ekki að gilda afturvirkir og gefa þyrfti ákveðinn aðlögunartíma til þess að innleiða breytingarnar í vinnuumhverfi þeirra.



Mynd 12. Viðhorf til gildistíma lagabreytinganna

Jafnframt var áhugavert að skoða hvort kyn þátttakenda myndi hafa einhver áhrif á viðhorfið gagnvart breytingum frumvarpsins. Til þess að hægt sé að greina slíkar niðurstöður þarf að fara fram ákveðin kóðun á gögnunum. Þar sem sömu svarmöguleikarnir, fylgjandi, andvíg/ur eða hvorki né, voru notaðir í flestum spurningum var einfalt að kóða valmöguleikana á þann hátt að sá sem var fylgjandi var kóðaður sem 1, andvígur var kóðaður sem 2 og hvorki né var kóðaður sem 0. Á töflu 4 og í viðauka B má sjá að reiknuð hafa verið út meðaltöl viðhorfa gagnvart helstu ákvæðum frumvarpsins hjá konum annars vegar og körlum hins vegar.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru konur almennt meira á móti því að fella sjóðstreymi niður hjá örfélögum en karlar, þar sem afstaða kvenna sýnir 1,45 en karla 1,24 sem og að skoðunarmenn haldi sínum hlut í lögum um ársreikninga, þar sem afstaða kvenna er 1,55 en karla 1,33. Þar má einnig sjá að karlar eru almennt meira á móti því að ekki sé hægt að skjóta stjórnvaldssektum vegna vanskila á ársreikningi til æðra stjórnvalds, eða 1,48 á móti 0,90 hjá konunum og að sekt sé lögð á félag um leið og skilafrestur rennur út, eða 1,30 á móti 1,00 sem og að hægt sé að krefjast gjaldþrotaskipta á félagi sem ekki skilar inn ársreikningi innan 8 mánaða frá skilafresti, eða 1,33 á móti 1,00.

Ennfremur eru karlar andvígari því að viðskiptavild skuli ávallt afskrifuð á 10 árum heldur en konur. Þá eru skoðanir kynjanna mjög jafnar á einföldum skilum ársreikninga og undanþágu örfélaga vegna gerðar ársreikninga.

Tafla 4

*Meðaltöl mismunandi afstaða karla og kvenna á ákvæðum frumvarpsins*

	Kona	Karl
<b>Sjóðstreymisskylda fellur niður hjá örfélögum</b>	1,45	1,24
<b>Einföld skil ársreikninga</b>	1,05	1,00
<b>Undanþága til gerðar ársreikninga</b>	1,25	1,26
<b>Ekki hægt að skjóta sektum vegna vanskila til æðra stjórnvalds</b>	0,90	1,48
<b>Krafa um gjaldþrotaskipti innan 8 mánaða</b>	1,00	1,33
<b>Sekt er lögð á um leið og skilafrestur rennur út</b>	0,90	1,30
<b>Skoðunarmenn halda sínum hlut</b>	1,55	1,33
<b>Fastur afskriftartími viðskiptavildar</b>	0,95	1,31

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru dregnar saman og leitast er við að svara rannsóknarspurningunni sem lögð var fram í upphafi er hægt að segja að endurskoðendur taki almennt mikla afstöðu til breytinganna sem lagt eru upp með í frumvarpinu, þrátt fyrir að vera ekki alltaf sammála um að vera fylgjandi eða andvígir einstökum ákvæðum frumvarpsins. Það ákvæði frumvarpsins sem mest er deilt á samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er um skoðunarmenn og telja þátttakendur að þeir eigi ekki að halda sínum hlut í lögum um ársreikninga. Jafnframt er ljóst að margir endurskoðendur eru á móti því að örfélög þurfi ekki að **gera** ársreikning en vilja samt sem áður heimila þeim að **skila** inn ársreikningi byggðum á skattframtali félagsins. Það kann að vera fremur óheppileg niðurstaða fyrir marga endurskoðendur því ljóst er, skv. fyrrgreindu svari atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í kafla 8.4.1, að örfélög munu koma til með að mega sleppa því að gera ársreikning og nýta sér hnappinn við gerð og skil fullgilds ársreiknings. Forsendur fyrir breytingum frumvarpsins má að mestu leyti rekja til tilskipunar ESB en aukin viðurlög og málsmeðferðir vegna brota gegn

lagaákvæðum eru viðbót við lagaumhverfi íslensks samfélags og er tilraun til þess að hreinsa út félög sem ekki eru virk og auka gagnsæi í íslensku viðskiptalífi.

### 13 Umræða

Fjallað hefur verið nokkuð ítarlega um aðalbreytingarnar sem lagt er upp með í frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 sem og niðurstöður rannsóknar um viðhorf endurskoðenda til breytinganna. Endurskoðendur, sem tóku þátt í rannsókninni, virðast almennt þekkja frumvarpið nokkuð vel og hafa sterkar skoðanir, í báðar áttir, um fyrirhugaðar breytingar. Í flestum tilvikum voru þátttakendur á sama máli um ýmsar breytingar en einnig kom í ljós í nokkrum tilvikum að þeir voru til jafns fylgjandi eða andvígir breytingunum, þ.e.a.s., að ekki var hægt að sjá að endurskoðunarstéttin hefði einhverja ákveðna afstöðu tekið gagnvart breytingunum. Það sem kom helst á óvart var að rúmlega helmingur þátttakenda hafi verið fylgjandi breyttum ákvæðum vegna afskriftar viðskiptavildar, þar sem ávallt skuli afskrifa viðskiptavild á 10 árum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu bárust fjölmargar athugasemdir um að ekki teldist glögg að afskrifa viðskiptavild á 10 árum ef nýtingartímenn væri einhver annar. Það er ekki að sjá að endurskoðendur sem tóku þátt í þessari rannsókn séu sammála þeim athugasemdum, miðað við niðurstöður.

Jafnframt var forvitnilegt að sjá að þátttakendur voru til jafns fylgjandi og andvígir gildistíma lagabreytinganna sem og undanþágu örfélaga til gerðar sjóðstreymis. Höfundur hefði talið endurskoðendur vera meira afgerandi andvígir gildistíma lagabreytinganna en raun ber vitni vegna þess að frumvarpið er stutt komið áleiðis á Alþingi eða einungis á 1. umræðustigi. Þá vekur athygli að tæplega 40% þátttakenda hafi verið sammála þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru vegna örfélaga í frumvarpinu miðað við tilskipunina. Eins og áður kom fram bárust ráðuneytinu athugasemdir vegna misræmisins í stærðarviðmiðun örfélaga í frumvarpinu annars vegar og tilskipuninni hins vegar, en að mati margra endurskoðenda eru viðmiðunarmörkin góð og gild, samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar. Þó eru einnig margir þátttakendur sem telja að miða ætti við hærri eða lægri mörk en gert er í frumvarpinu. Ljóst er að mörgum endurskoðendum þykir sjóðstreymi vera mikilvægur þáttur ársreikningsins og að ekki megi sleppa því að semja það, hvort sem um er að ræða örfélag eða stórt félag. Þó eru jafnmargir þeirrar skoðunar að ekki megi krefja örfélög og lítil félög um gerð sjóðstreymisyfirlits, enda hafi þau félög litla upplýsingaskyldu fyrir viðskiptaumhverfið.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru flestir þátttakendur alfarið á móti því að skoðunarmenn finnist í lögum um ársreikninga. Þær niðurstöður koma heim og saman við það

sem höfundur taldi að búast mætti við, enda hafa endurskoðendur unnið hart að löggildingu sinni á meðan hæfi skoðunarmanna er hvergi skilgreint. Samt sem áður mega þeir ganga í störf endurskoðenda, að einhverju leyti að minnsta kosti. Aftur á móti voru langflestir þátttakendur rannsóknarinnar á þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að endurvekja reikningssskilaráð enda er skýrt ákvæði um skipun ráðsins í lögnum en það hefur þrátt fyrir ákvæðið ekki verið skipað árum saman.

Meiri hluti þátttakenda rannsóknarinnar voru á þeirri skoðun að heimila ætti örfélögum að nýta hnappinn við **skil** ársreiknings og gefa þar með leyfi til þess að lykiltölur séu valdar úr skattframtali og framreiddur sé ársreikningur sem senda skal ársreikningaskrá til opinberrar birtingar. Hins vegar vakti athygli höfundar að mikill hluti þátttakenda voru andvígir því að örfélögum yrði heimilað að sleppa því að **gera** ársreikning. Velta má þó fyrir sér, að ef takmarka ætti notkun hnappsins við þær upplýsingar sem sendar eru ársreikningaskrá og örfélög yrðu enn knúin til þess að **gera** ársreikning, yrði einföldun regluverks þeirra ekki eins mikil og það myndi ef til vill líta út fyrir í fyrstu.

Þátttakendur rannsóknarinnar voru nokkurn veginn til jafns fylgjandi og andvígir því að leggja skuli sekt á félag um leið og frestur til skila ársreiknings rennur út. Hinu sama gegndi um það að krefjast gjaldþrotaskipta á félögum þegar enginn ársreikningur hefur borist innan átta mánaða frá lokum skilafrests. Í ljósi þess hve margir eru andvígir ákvæðunum má velja því fyrir sér hvort þátttakendum hafi fundist ákvæðin leggja of hart að félögum að skila ársreikningi.

Forvitnilegt var að sjá niðurstöður rannsóknarinnar vegna ákvæðis frumvarpsins sem fjallaði um að ekki væri hægt að skjóta ákvörðun ársreikningaskrár um sekt á félag vegna vanskila ársreiknings til æðra stjórnvalds. Að mati margra endurskoðenda, miðað við niðurstöður rannsóknarinnar, ættu félög að hafa möguleika á því að skjóta ákvörðun um sekt til æðra stjórnvalds. Höfundur rannsóknarinnar er sammála endurskoðendum í þeim efnum því í raun brýtur ákvæðið í bága við sjálfan tilgang tilskipunarinnar, að einfalda og bæta löggjöf og regluramma félaga sem og auka framleiðni þeirra.

### 13.1 Takmarkanir rannsóknar

Fjöldi endurskoðenda sem tóku þátt í rannsókninni voru sem fyrr segir 74 talsins, sem gæti talist heldur lítið, eða um 23% svarhlutfall. Ákjósanlegra hefði verið að fá fleiri endurskoðendur til þess að taka þátt til þess að geta yfirfært svörin meira á skoðanir hins almenna endurskoðanda. Ennfremur voru mun fleiri karlar sem tóku þátt heldur en konur og

yfirleitt gætu leynst frávík í svörun samanborið við það ef konur hefðu tekið þátt til jafns við karla. Hins vegar ber að nefna í þessu tilviki að hlutfallslega fleiri karlar eru endurskoðendur heldur en konur og eins og kom fram í kaflanum um þátttakendur rannsóknarinnar er hlutfall karla og kvenna sem þátt tóku í rannsókninni það sama og í þýði endurskoðenda, svo frávikið mætti teljast minniháttar. Þá hefði verið ákjósanlegra að spyrja ítarlegar út í viðhorf endurskoðenda til einstakra breytinga og hvers vegna þeir taka þá afstöðu sem raun ber vitni. Þá hefði verið hægt að kafa dýpra í viðhorf endurskoðenda gagnvart frumvarpinu og hvaða áhrif þeir teldu að breytingarnar myndu hafa á íslenskt viðskiptaumhverfi.

### **13.2 Frekari rannsóknir**

Til frekari glöggvunar á því hvaða áhrif frumvarpið mun hafa á atvinnulífið væri áhugavert að athuga viðhorf útlánastofnana, t.d. almennra bankastofnana, gagnvart frumvarpinu. Auðvelt er að ímynda sér að lántaka örfélaga yrði eilítið erfiðari þegar þau þurfa ekki lengur að sýna fram á hefðbundinn ársreikning, heldur einungis ársreikning byggðan á skattframtali, verði það niðurstaðan, sem jú mun þó kallast fullgildur ársreikningur. Spurning er þó hvort útlánastofnanir treysti þeim ársreikningum nægilega vel þegar hvorki þarf að endurskoða slíkan ársreikning né yfirfara hann af skoðunarmanni. Ennfremur þarf slíkur ársreikningur, eins og áður hefur komið fram, ekki að innihalda sjóðstreymi, skýrslu stjórnar eða skýringar.

Það væri einnig áhugavert að kanna viðhorf bókara til frumvarpsins þar sem störf þeirra fela oft á tíðum í sér aðstoð við gerð ársreiknings auk færslu bókhalds, en fari frumvarpið í gegnum Alþingi í núverandi mynd, munu um 80% félaga ekki þurfa að gera ársreikning. Því má velta fyrir sér hver örlög þessa þáttar í starfi bókara verði í framtíðinni.



## 14 Heimildaskrá

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2016, 7. apríl). *Minnisblað um umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB), þingmál 456 og viðbrögð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis*. Sótt 10. apríl 2016 af <http://www.althingi.is/alttext/erindi/145/145-1269.pdf>
- Bloom, M. (2008). *Double accounting for goodwill: A problem redefined*. New York: Routledge.
- Callegaro, M., Manfreda, K. L. og Vehovar, V. (2015). *Web survey methods*. Los Angeles: SAGE.
- Deloitte. (2015). *IFRS in your pocket 2015*. Sótt 20. febrúar 2016 af <https://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/by/Documents/audit/IFRS-in-your-pocket-eng.pdf>
- Eilifsen, A., Messier jr., W. F., Glover, S. M. og Prawitt, D. F. (2014). *Auditing and assurance services*. New York, NY: McGraw Hill.
- Félag löggiltra endurskoðenda. (2016). *Endurskoðandinn: Umhverfi, hlutverk, ábyrgð*. Reykjavík: Höfundur.
- Inga Skarphéðinsdóttir. (2016). *Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga, 456. mál*. Reykjavík: Félag atvinnurekenda
- International Financial Reporting Standards. (2012). *IAS 38 Intangible assets*. Sótt 25. mars 2016 af <http://www.ifrs.org/IFRSs/Documents/Technical-summaries-2014/IAS%2038.pdf>
- Leiðir gegn kennitölufлакki. (e.d.). *Félag atvinnurekenda*. Sótt 29. mars 2016 af <http://www.atvinnurekendur.is/leidir-gegn-kennitolufлакki/>

*Lög um ársreikninga nr. 144/1994*

*Lög um ársreikninga nr. 3/2006 með áorðnum breytingum 108/2006, 106/2006, 171/2007, 80/2008, 88/2008, 162/2008, 98/2009, 68/2010, 82/2011, 118/2011, 126/2011, 14/2013, 132/2014 og 47/2015.*

*Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 með áorðnum breytingum 31/1997, 43/1997, 116/1997, 82/1998, 67/2002, 76/2002, 35/2003, 52/2003, 72/2003, 29/2006, 93/2006, 108/2006, 54/2007, 43/2008, 47/2008, 88/2008, 81/2009, 86/2009, 98/2009, 126/2009, 13/2010, 68/2010, 126/2011, 8/2012 og 132/2014.*

*Lög um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 með áorðnum breytingum 92/1991, 26/1998, 32/2000, 88/2008, 23/2009, 24/2009, 31/2010, 60/2010, 95/2010, 101/2010, 135/2010, 142/2010, 162/2010, 182/2011, 162/2011, 72/2012, 47/2015 og 78/2015.*

*Lög um hlutafélög nr. 2/1995 með áorðnum breytingum 35/1997, 41/1997, 117/1997, 82/1998, 164/2000, 62/2002, 76/2002, 35/2003, 39/2003, 72/2003, 18/2006, 88/2006, 89/2006, 90/2006, 108/2006, 54/2007, 43/2008, 47/2008, 88/2008, 81/2009, 86/2009, 87/2009, 98/2009, 126/2009, 13/2010, 68/2010, 126/2011, 8/2012, 51/2013 og 132/2014.*

*Lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007*

Ólafur Ólafsson. (2016). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB), þingskjal 730 - 456. mál.* Reykjavík: Yfirskattanefnd.

Pétur Reimarsson. (2016). *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB), 456. mál.* Reykjavík: Samtök atvinnulífsins.

Pétur Steinn Guðmundsson og Þorsteinn Guðjónsson. (2016). *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, þingskjal 730, mál 456.* Kópavogur: Deloitte.

Ragnheiður Elín Árnadóttir. (2015-2016). Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður Elín Árnadóttir). *Alþingistíðindi B-deild, 145*. Sótt 24. mars 2016 af <http://www.althingi.is/altext/145/01/l21133010.sgml>.

*Reglugerð um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga* nr. 664/2008

*Reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga* nr. 696/1996

Sigurður B. Arnþórsson. (2016). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, 456. mál*. Reykjavík: Félag löggiltra endurskoðenda.

Skúli Jónsson og Guðrún J. Jónsdóttir. (2016). *Umsögn ríkisskattstjóra um þingmál 456, frumvarp til laga um ársreikninga*. Reykjavík: Ríkisskattstjóri.

Sæmundur Valdimarsson. (2016). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum, 456. mál*. Reykjavík: KPMG.

Thorhallsson, Baldur. (2002). Consequences of a small administration: The case of Iceland. *Current politics and economics of Europe, 11(1)*, 61-76.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2013/34/ESB um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43 EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE. *Stjórnunartíðindi ESB*. Brussel: EES.

Wagner, T., Lutz, R. J. og Weitz, B. A. (2009). Corporate hypocrisy: Overcoming the threat of inconsistent corporate social responsibility perceptions. *Journal of Marketing, 73(6)*, 77-91. doi: 10.1509/jmkg.73.6.77

Þingskjal 730. (2015-2016). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB). *Alþingistíðindi A-deild, 145*. Sótt 21. janúar 2016 af <http://www.althingi.is/altext/145/s/0730.html>

Þingskjal 1095. (2015-2016). Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.). *Alþingistíðindi A-deild, 145*. Sótt 25. apríl 2016 af <http://www.althingi.is/altext/145/s/1095.html>

Þórir Ólafsson. (2016). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, 456. mál*. Reykjavík: Fjársýsla ríkisins.

## Viðauki A

### 1. Hversu vel eða illa upplýsta/n telur þú þig vera um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 ?

- Mjög vel upplýsta/n
- Fremur vel upplýsta/n
- Í meðallagi
- Fremur illa upplýsta/n
- Mjög illa upplýsta/n

Tilgangur frumvarpsins er meðal annars að innleiða nýja tilskipun Evrópusambandsins um ársreikninga. Í samræmi við ákvæði hennar er í frumvarpinu að finna nýja flokkun félaga. Flokkunin ræðst af stærð efnahagsreiknings, veltu og starfsmannafjölda. Félög skiptast þannig í lítil félög, meðalstór félög og stór félög. Viðmiðunarmörk flokkunarinnar er að finna í tilskipuninni. Þá verður samkvæmt frumvarpinu innleitt valkvætt ákvæði tilskipunarinnar um að skilgreina fjórða flokkinn, svokölluð örfélög.

### 2. Í samræmi við frumvarpið og tilskipunina munu ársreikningar lítilla félaga og örfélaga ekki þurfa að innihalda sjóðstreymisfirlit. Um 98,7% íslenskra félaga munu teljast lítil fyrirtæki eða örfélög. Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að skylda þessara félaga til að gera sjóðstreymi falli niður?

- Fylgjandi
- Andvíg/ur
- Hvorki né

### 3. Hvers vegna ert þú andvíg/ur ákvörðuninni?

Í frumvarpinu er lagt til að örfélögum verði heimilt að skila rekstraryfirliti og efnahagsyfirliti byggðum á skattframtali félagsins. Um 80% íslenskra félaga munu teljast vera örfélög. Í umfjöllun í frumvarpinu segir meðal annars: „Þetta eru félög sem fara ekki yfir mörkin á a.m.k. tveimur af eftirfarandi þáttum: 20 millj. kr. í niðurstöðutölu efnahagsreiknings, 40 millj. kr. í hreina veltu og þrjú ársverk að meðaltali. Þessum félögum verður heimilt að skila einfaldri útgáfu af ársreikningi til ársreikningaskrár sem byggist á skattframtali félagsins. Forsvarsmenn félagsins geta, um leið og þeir skila skattframtali, valið að gefa samþykki sitt fyrir því að lykiltölur úr skattframtali félagsins verði sendar ársreikningaskrá sem fullgildur ársreikningur til birtingar. Slíkan ársreikning þarf hvorki að yfirfara af skoðunarmanni né endurskoða né heldur þarf að láta skýrslu stjórnar fylgja með honum. Þetta einfaldar skil fyrir um 80% félaga á Íslandi og minnkar stjórnsýslukostnað þessara félaga verulega.“

### 4. Ert þú fylgjandi eða andvíg/ur því að örfélögum gefist kostur á ofangreindri einföldun í stað þess að skila ársreikningi til ársreikningaskrár líkt og nú er skylt að gera?

- Fylgjandi
- Andvíg/ur
- Hvorki né

**5. Ert þú fylgjandi eða andvíg/ur því að heimila ætti örfélögum að sleppa við að gera ársreikning (t.d. til að skila með skattframtali eða leggja fram á aðalfundi) eða ætti fyrrgreind einföldun, verði hún að lögum, að takmarkast við það hvaða upplýsingar eru sendar til ársreikningaskráar til opinberrar birtingar?**

- Er fylgjandi því að leyfa örfélögum að sleppa við að gera ársreikning
- Er andvíg/ur því að leyfa örfélögum að sleppa við að gera ársreikning
- Hvorki né

**6. Samkvæmt frumvarpinu eru stærðarmörk örfélaga lægri en ef miðað hefði verið við mörk tilskipunarinnar. Af því leiðir að um 80% íslenskra félaga munu teljast örfélög og geta nýtt sér fyrrgreindar einfaldanir. Hefði verið miðað við stærðarmörk tilskipunarinnar hefðu um 90% félaga fallið undir stærðarmörk örfélaga. Hver er þín skoðun á þeirri viðmiðun sem notuð er í frumvarpinu?**

- Miða ætti við hærri mörk en gert er í frumvarpinu
- Miða ætti við lægri mörk en gert er í frumvarpinu
- Er sammála þeim mörkum sem miðað er við í frumvarpinu
- Hef ekki skoðun á því

**7. Um viðskiptavild segir í nógildandi lögum að hún skuli afskrifuð með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma, þó að hámarki á 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur (þ.e. framkvæmt er árlegt virðispróf), hafi hún ekki ákveðinn líftíma. Samkvæmt frumvarpinu verður ekki lengur heimilt að sleppa því að afskrifa viðskiptavild heldur skal ávallt afskrifa viðskiptavild á tíu árum, óháð nýtingartíma hennar. Ert þú fylgjandi eða andvíg/ur þessari breytingu?**

- Fylgjandi
- Andvíg/ur
- Hvorki né

**8. Hvers vegna ert þú andvíg/ur þeirri breytingu?**

**9. Í frumvarpinu er að finna eftirfarandi setningu um stjórnvaldssektir vegna vanskila á ársreikningi: „Ekki er unnt að skjóta ákvörðun ársreikningaskrár um álagningu sektar til æðra stjórnvalds.“ Þetta er breyting frá gildandi lögum þar sem leyfilegt er að skjóta slíkrí ákvörðun til æðra stjórnvalds. Ert þú fylgjandi eða andvíg/ur þessari breytingu?**

- Fylgjandi
- Andvíg/ur
- Hvorki né

**10. Samkvæmt frumvarpinu skal leggja sekt á félag strax og frestur til að skila ársreikningi er liðinn (örfélög sem nýta sér heimild til að skila rekstraryfirliti og efnahagsyfirliti byggðum á skattframtali félagsins er þó heimilt að skila innan þess frests sem ríkisskattstjóri veitir til að skila framtölum). Sektarfjárhæðin nemur 600.000 kr. og getur mest lækkað um 90% (skili félagið innan eins mánaðar). Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) þessu ákvæði frumvarpsins?**

- Fylgjandi
- Andvíg/ur

- Hvorki né

**11. Einnig er kveðið á um í frumvarpinu að krefjast skuli gjaldþrotaskipta á félagi sem ekki hefur skilað inn ársreikningi innan 8 mánaða frá því að sekt var lögð á félagið vegna vanrækslu á skilum á ársreikningi. Ert þú fylgjandi eða andvíg/ur því ákvæði?**

- Fylgjandi
- Andvíg/ur
- Hvorki né

**12. Telur þú eða telur þú ekki að endurvekja eigi reikningsskilaráð, en það hefur ekki verið skipað árum saman?**

- Já, endurvekja á reikningsskilaráð
- Nei, tel ekki þörf á því að endurvekja reikningsskilaráð
- Hef ekki skoðun á því
- Veit ekki

**13. Samkvæmt frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir skoðunarmönnum ársreikninga vegna þeirra félaga sem eru undir mörkum endurskoðunarskyldu. Í frumvarpinu er að finna viðbót við lögina þar sem segir að ráðherra setji reglugerð um hvað fólgið skuli í vinnu og verksviði skoðunarmanna við yfirferð ársreiknings. Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að áfram verði gert ráð fyrir skoðunarmönnum ársreikninga í lögnum?**

- Fylgjandi
- Andvíg/ur
- Hvorki né

**14. Hvers vegna ert þú fylgjandi því að áfram verði gert ráð fyrir skoðunarmönnum?**

**14. Hvers vegna ert þú andvíg/ur því að áfram verði gert ráð fyrir skoðunarmönnum?**

**15. Gert er ráð fyrir óbreyttum endurskoðunarmörkum, þ.e. hvaða félög eru endurskoðunarskyld. Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) óbreyttum mörkum?**

- Fylgjandi
- Andvíg/ur
- Hvorki né

**16. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lagabreytingarnar öðlist gildi frá og með 1. janúar 2016. Ert þú fylgjandi eða andvíg/ur gildistíma lagabreytinganna?**

- Fylgjandi
- Andvíg/ur
- Hvorki né

**17. Hvers vegna ert þú andvíg/ur gildistíma lagabreytinganna?**

**18. Hvert er kyn þitt?**

- Karl
- Kona

**19. Á hvaða aldursbili ert þú?**

- 25 ára eða yngri
- 26 - 32 ára
- 33 - 39 ára
- 40 - 46 ára
- 47 - 53 ára
- 54 - 60 ára
- 61 árs eða eldri



## Viðauki B

Kyn		Sjóðstreymi	Einf_Skil	Ekki_ársr	Skjóta_stjvs	Gjaldþrotaskipti	Sekt_um_leið	Skoðunarnenn	Viðskiptavild
Kona	Mean	1.45	1.05	1.25	.90	1.00	.90	1.55	.95
	N	20	20	20	20	20	20	20	20
	Std. Deviation	.759	.686	.716	.852	.795	.718	.759	.686
Karl	Mean	1.24	1.00	1.26	1.48	1.33	1.30	1.33	1.31
	N	54	54	54	54	54	54	54	54
	Std. Deviation	.642	.614	.732	.771	.673	.743	.847	.639
Total	Mean	1.30	1.01	1.26	1.32	1.24	1.19	1.39	1.22
	N	74	74	74	74	74	74	74	74
	Std. Deviation	.677	.630	.723	.829	.718	.753	.825	.668